

# SKÝRSLA RSÍ 2001

## SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR RAFIÐNAÐARSAMBANDS ÍSLANDS UM STARFSEMINA SÍÐASTA STARFSÁR.

### LÖGÐ FRAM Á SAMBANDSSTJÓRNARFUNDI 19. APRÍL 2002

#### STARFSNEFNDIR

##### Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands og trúnaðarmenn þess, kjörtímabilið 1999-2003 kjörnir á 14. þingi sambandsins 1999.

|                       |                          |                    |                   |
|-----------------------|--------------------------|--------------------|-------------------|
| Formaður:             | Guðmundur Gunnarsson     | FÍR                | Framkv.stjórn RSÍ |
| Varaformaður:         | Helgi Jónsson            |                    | RFN “             |
| Ritari:               | Haukur Ágústsson         | FRV                | “                 |
| Gjaldkeri:            | Rúnar Bachmann           | FÍR                | “                 |
|                       |                          | Haraldur Jónsson   | FÍR “             |
| Meðstjórnendur :      | Arnoddur Jónsson         | RFS                |                   |
|                       |                          | Oddur Sigurðsson   | FRV               |
|                       |                          | Frosti Frostason   | FÍR               |
|                       |                          | Páll Valdimarsson  | FÍR               |
|                       |                          | Jens Ragnarsson    | FÍR               |
|                       | Einar Ág. Kristinsson    | FSVK               |                   |
|                       | Andri Jóhannesson        |                    | FRV               |
|                       | Ómar Baldursson          | FRS                |                   |
|                       |                          | Hafliði Sívertssen | FTR               |
|                       |                          | Einar Gústafsson   | FÍS               |
|                       |                          | Jón Aðalsteinsson  | FÍS               |
|                       | Sigurgeir Ólafsson       | FSS                |                   |
|                       | Aðalfundur FNÍR          |                    | FNÍR              |
|                       | (Borgþór Hjörvarsson)    |                    |                   |
| Varamenn í miðstjórn: | Anna Melsted             | FTR                |                   |
|                       | Björn Ágúst Sigurjónsson | FÍR                |                   |
|                       | Anna Nína Stefnisdóttir  | FÍS                |                   |
|                       | Jóhann Bjarnason         |                    | FRS               |
|                       | Stefán Sveinsson         |                    | FÍR               |
|                       | Sigurður Kjartansson     | FRV                |                   |
|                       | Brynjar Hermannsson      | RFN                |                   |
|                       | Helgi Þorvaldsson        |                    | FÍR               |
|                       | Ísleifur Tómasson        |                    | FÍR               |
|                       | Valtýr Guðbrandsson      | RFS                |                   |
|                       | Davíð E. Sigmundsson     | FRV                |                   |
|                       | Guðjón Símonarson        |                    | FSS               |
|                       | Aðalfundur FNÍR          | FNÍR               |                   |
| Sambandsstjórn:       | Júlía B. Þórðardóttir    | FÍR                | Vestfirðir        |
|                       | Sigurður Ólafsson        |                    | RFN Norðurland    |

|                       |                             |                                  |            |                |
|-----------------------|-----------------------------|----------------------------------|------------|----------------|
|                       | Magni B. Sveinsson          |                                  | FÍR        | Austurland     |
|                       | Sigþór Óskarsson            |                                  | RFS        | Suðurnes       |
|                       | Arngrímur Magnússon         | FÍR                              |            | Vestmannaeyjar |
|                       | Smári Jónasson              |                                  | FÍR        | Reykjavík      |
|                       | Anna Kr. Arnarsdóttir       | FRV                              |            | Norðurland     |
|                       | Þór Ottesen                 |                                  | FÍR        | Reykjavík      |
|                       | Reynir Björnsson            |                                  | FÍS        | Reykjavík      |
|                       | Helgi R. Gunnarsson         | FRV                              |            | Reykjavík      |
|                       | Guðmundur Æ. Guðmundsson    | FÍR                              |            | Reykjavík      |
|                       | Elmer H. Elmers             |                                  | FÍR        | Reykjavík      |
|                       | Aðalfundur FNÍR             |                                  | FNÍR       |                |
| Varam. í sambandsstj: | Helgi Helgason              | FÍR                              | Reykjavík  |                |
|                       | Norðurl. vestra             | Jónas Þ. Sigurgeirsson           |            | FÍR            |
|                       | Reykjavík                   | Sigurður Sigurðsson              | FÍR        |                |
|                       | Reykjavík                   | Jón Þór Kristmannsson            |            | FÍR            |
|                       | Reykjavík                   | Björn Júlíusson                  | FÍS        |                |
| eystra                |                             | Ingvi Þór Björnsson              | RFN        | Norðurl.       |
|                       | Þórður Bachmann             | FÍR                              | Vesturland |                |
|                       | Suðurnes                    | Ragnar Guðbjartsson              |            | RFS            |
|                       | Reykjavík                   | Eyjólfur Ólafsson                | FRV        |                |
|                       | Suðurland                   | Kristinn Hermannsson             |            | FRS            |
|                       | Sigurður Karlsson           | FÍR                              | Austurland |                |
|                       | Guðmundur Gíslason          | FSS                              | Reykjavík  |                |
| Skoðunarmenn RSÍ      | Sigurður Steinarsson        | FÍR, H. Erlingur Tómasson        | FRV.       |                |
| Til vara:             | Grétar                      | Guðmundsson                      | FÍS        |                |
| Í stjórn Lífiðnar:    | Aðalmaður Þórir Hermannsson | FRV, varam. Erlingur Tómasson    | FRV        |                |
|                       | Aðalmaður Haraldur Jónsson  | FÍR, varam. Guðmundur Gunnarsson |            |                |
|                       |                             | FÍR                              |            |                |

Skoðunarm Lífiðnar : Sigurður Steinarsson FÍR, til vara: Guðmundur Lýðsson FRS

### Starfsnefndir miðstjórnar

Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarfélaganna : Bjarni Sigfússon

Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga : Bjarni Sigfússon, Sigurður Geirsson og Ísleifur Tómasson til vara Stefán Ó Guðmundsson.

Launanefnd RSÍ : Helgi Jónsson, Rúnar Bachmann og Haraldur Jónsson.

Laga- og skipulagsnefnd RSÍ : Rúnar Bachmann, Guðmundur Gunnarsson, Helgi R. Gunnarsson og Einar Gústafsson

Reglugerðir Styrktar- og lífeyrissjóðs : Þórir Hermannsson, Haraldur Jónsson, Helgi R. Gunnarsson og Helgi Jónsson til vara.

Orlofsnefnd RSÍ : Björn Ágúst Sigurjónsson, Jón Aðalsteinsson, Runólfur Þorláksson og Sigurður Lúther Björgvinsson

Golfnefnd : Garðar Árnason, Guðbjörn Ólafsson, Magnús Jaroslav Magnússon og Víðir Tómasson. Með þeim starfa Helgi R. Gunnarsson og Stefán Ó. Guðmundsson.  
Stjórn Furulundar : Björn Ágúst Sigurjónsson. Stjórn Einarstaða : Björn Ágúst Sigurjónsson  
Stjórn Ölfusborga : Ísleifur Tómasson.  
Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs : Ísleifur Tómasson, Guðrún Guðmundsdóttir og Helgi R. Gunnarsson  
Ákvæðisvinnunefnd rafiðna : Guðmundur Gunnarsson og Þorvarður Hjaltason

### **Stjórnir aðildarféлага**

Stjórn Félags íslenskra rafvirkja : Haraldur Jónsson form., Stefán Sveinsson varaform., Sigurður Sigurðsson ritari, Björn Ágúst Sigurjónsson gjaldkeri. Meðstj. Jens Ragnarsson, Ísleifur Tómasson og Jón Þór Kristmannsson  
Stjórn Félags rafeindavirkja : Oddur Sigurðsson form., Andri Jóhannesson varaform., Davíð E. Sigurðsson ritari, Haukur Ágústsson gjaldkeri, Sigurður I. Hauksson, Eyjólfur Ólafsson, Björn Eysteinnsson meðstjórnendur.  
Félag íslenskra símamanna : Einar Gústafsson form. Jón Aðalsteinsson varaform., Anna Nína Stefnisdóttir ritari, Halldóra Guðmundsdóttir gjaldk., Björn Júlíusson meðstj. Eiríkur Árnason, Einar Matthíasson, Dagný Ásgeirsdóttir og Hafsteinn Guðmundsson varastj.  
Stjórn Rafvirkjafélags Norðurlands : Helgi Jónsson form., Brynjar Hermannsson varaform., Guðmundur Ingi Geirsson ritari, Sigurður Ólafsson gjaldkeri Vigfús Ingi Hauksson meðstjórnandi. Sigurður Hjaltason og Aðalgeir Hallgrímsson varastj.  
Stjórn Félags Rafiðnaðarmanna á Suðurlandi : Ómar Baldursson form., Jóhann Bjarnason varaform., Þorvaldur Þorvaldsson ritari, Birkir Pálsson gjaldkeri, Birgir Sigurjónsson meðstj., Guðmundur Lýðsson og Helgi Guðmundsson varastjórn.  
Stjórn Rafiðnaðarfélags Suðurnesja : Valtýr Guðbrandsson form., Georg G Georgsson varaf., Þorsteinn Helgason gjaldk, Trausti Gíslason ritari, Helgi Hilmarsson meðstj.  
Arnoddur Jónsson form., Valtýr Guðbrandsson varaform., Georg Georgsson ritari, Ragnar Guðbjartsson gjaldk., Sigþór Óskarsson og Helgi Hilmarsson meðstj.  
Stjórn Félags sýningarmanna við kvikmyndahús : Jón Pétursson form., Einar Ág. Kristinsson ritari, Þröstur Árnason gjaldk. Gísli Karlsson (Einar Benediktsson 2002), Friðjón Guðmundsson meðstjórnendur.  
Stjórn Tæknifólks í rafiðnaði : Hafliði Sívertsen form., Anna Melstec varaform., Guðni Ingi Johnsen ritari, Elín Friða Sigurðardóttir gjaldkeri, Sveinn Kjartansson meðstjórnandi  
Stjórn Félags símsmiða : Sigurgeir Ólafsson form., Guðmundur Gíslason varaform., Sveinn Larsson gjaldk., Sighvatur Daníel Sighvatsson, Kristbjörn Hjalti Tómasson meðstjórnendur.  
Stjórn Félags nema í rafiðnum : Borgþór Hjörvarsson form., Kristján Helgason varaform., Þórir Harald Þórisson ritari, Viðar Már Þorsteinsson gjaldkeri, Sigurður Þór Magnússon, Logi Freyr Einarsson og Marínó Álfgeir Sigurðsson meðstjórnendur.

### **Mennta- og fræðslunefndir**

Sveinsprófsnefnd sterkstraum : Sigurður Sigurðsson formaður, Einar Ragnarsson, Guðmundur Þorgrímsson, Valdimar Gestsson, Jens Björgvin Helgason  
Sveinsprófsnefnd veikstraum : Ísleifur Árni Jakobsson, Davíð Einar Sigmundsson, Andrés Einar Guðjónsson, Sigurður Rúnar Ívarsson og Haukur Konráðsson.  
Menntanefnd rafiðnaðarins (skólanefnd Rafiðnaðarskólans) : Guðmundur Gunnarsson, Rúnar Bachmann, Haraldur Jónsson, Kristján Páll Þórhallsson, Ásgeir Arnoldsson, Haukur Ágústsson, Páll Valdimarsson, Ólafur Hermannsson, Hafliði Sívertsen, Pétur Pétursson, Jón Örn Sigurðsson, Valgeir Jónasson  
Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans : Guðmundur Gunnarsson og Valgeir Jónasson  
Eftirmenntunarnefnd rafiðna : Guðmundur Gunnarsson og Rúnar Bachmann, til vara Ísleifur Tómasson  
Eftirmenntunarnefnd rafeindavirkja : Ásgeir Arnoldsson og Kristján Páll Þórhallsson  
Fagnefnd rafeindavirkja : Kristján Pétursson, Kristján Óli Sverrisson, Gunnlaugur Gunnarsson, Kristján Páll Þórhallsson og Þórir Hermannsson

Eftirmenntunarnefnd símsmiða : Guðmundur Gíslason, Jón Örn Sigurðsson, Kristinn Einarsson, Páll Jónsson

Eftirmenntunarnefnd sýningarmanna : Björn Sigurðsson, Pétur Pétursson, Sigurjón Jóhannesson, Þróstur Árnason

Framkvæmdastjórn Fræðslumiðstöðvar rafiðna :Ísleifur Tómasson og Andri Jóhannesson  
Starfsgreinaráð rafiðnaðarins, aðalmenn : Guðmundur Gíslason fagn. símsmiða, Þórunn Stefanía Jónsdóttir fagn. rafeindav., Helgi B. Þorvaldsson fagn. rafveituv. Varamenn Smári Jónasson fagn. rafv. og rafvélav., Anna Melsted skólan. Rafiðnaðarsk., Guðfinnur Traustason skólan. Rafiðnaðarskólans

## Félagafjöldi

Í aðildarfélögum sambandsins voru 2000 og 2001 :

| <i>FÉLAG</i>                  | <i>Alls<br/>2000</i> | <i>Þar af<br/>Konur<br/>2000</i> | <i>Skattsk.<br/>Alls<br/>2000</i> | <i>Alls<br/>2001</i> | <i>Þar af<br/>Konur<br/>2001</i> | <i>Skattsk.<br/>Alls<br/>2001</i> |
|-------------------------------|----------------------|----------------------------------|-----------------------------------|----------------------|----------------------------------|-----------------------------------|
| Félag íslenskra rafvirkja     | 1.251                | 5                                | 1.152                             | 1324                 | 6                                | 1269                              |
| Félag rafeindavirkja          | 672                  | 19                               | 616                               | 795                  | 23                               | 718                               |
| Rafiðnaðarfélag Norðurlands   | 122                  | 0                                | 122                               | 160                  | 0                                | 148                               |
| Félag rafiðnaðarmanna Suðurl. | 81                   | 0                                | 81                                | 113                  | 0                                | 106                               |
| Rafiðnaðarfélag Suðurnesja    | 73                   | 0                                | 67                                | 85                   | 0                                | 74                                |
| Félag tæknifólks í rafiðnaði  | 403                  | 51                               | 318                               | 407                  | 70                               | 366                               |
| Fél. Sýningarm. V/ kvikm.hús  | 26                   | 1                                | 27                                | 31                   | 1                                | 31                                |
| Félag símsmiða                | 168                  | 5                                | 173                               | 208                  | 7                                | 194                               |
| Félag ísl. Síamanna           | 692                  | 412                              | 677                               | 806                  | 490                              | 732                               |
| Félag nema í rafiðnum         | 292                  | 11                               | 303                               | 298                  | 3                                | 298                               |
| <b>Samtals</b>                | <b>3.898</b>         | <b>504</b>                       | <b>3.536</b>                      | <b>4.227</b>         | <b>600</b>                       | <b>3.936</b>                      |

Í dálknum **Alls** eru allir taldir, en í dálknum **Skattskyldir** er bókhaldslegur fjöldi þ.e. þeir sem eru félagsmenn hluta úr ári eru færðir saman og myndaður þannig heildarfjöldi fullgreiðandi félagsmanna. Sú stærð er notuð við skattgreiðslur til annarra sambanda sem RSÍ er aðili að.

## STARFSEMIN

### Miðstjórnar- og félagsfundir

Miðstjórn heldur fundi yfirleitt einu sinni í mánuði að undanskildum sumarmánuðum og hefur haldið 20 fundi á þessu kjörtímabili. Almennir félagsfundir eru nú orðið, utan aðalfunda aðildarfélaga, haldnir á vegum RSÍ. Skipulag sambandsins og sameiginlegir sjóðir RSÍ valda þessu. Einnig sameiginlegir kjarasamningar sem eru afgreiddir í sameiginlegum atkvæðagreiðslum þvert á aðildarfélög innan RSÍ. Rafiðnaðarsambandið er heildstætt starfsgreinasamband og hefur það fyrirkomulag marga augljósa kosti í för með sér, sérstaklega við skipulag starfsmenntunar í starfsgeiranum og eins nýttast eftirmenntunarnámskeið fyrir allar starfsgreinar í geiranum.

Miðstjórn starfar þannig að umfangsmiklum málaflokkum er vísað í starfsnefndir, þ.e. orlofsnefnd, ritnefnd, laganefnd og úthlutunarnefnd styrktarsjóðs, auk annarra nefnda sem starfa í samráði við meistarafélagið. Þetta fyrirkomulag hefur leitt til meiri valddreifingar og virkara stjórnkerfis innan sambandsins. Þátttaka rafiðnaðarmanna í sameiginlegri starfsemi verkalýðshreyfingarinnar er mikil, auk þess að við eigum fulltrúa í nokkrum nefndum hins opinbera og í sameiginlegum nefndum norrænna rafiðnaðarmanna og norræna og evrópska byggingarsambandinu. Þetta kostar tíma og fjárútlát, en gefur okkur tækifæri til þess að hafa viðtækari áhrif á framvindu mála og aðstæður til þess að koma sjónarmiðum okkar mjög víða á framfæri.

### Skrifstofan

Starfsemi skrifstofunnar verður sífellt margþættari m.a. sakir þess að lögð hefur verið á það áhersla undanfarin ár, að félagsmenn sjái sér hag í því að vera innan samtaka rafiðnaðarmanna

frekar en litið sé á það sem skyldu. Mjög mikil fjölgun hefur verið á félagsmönnum RSÍ undanfarin ár.

RSÍ og aðildarfélög þess hafa aðgang að lögmönnum ASÍ og eru þeir nýttir þegar upp koma deilur vegna túlkana á kjarasamningum, en þegar upp koma deilur vegna launa eða innheimtu gjalda þá sjá lögmenn sambandsins, þ.e. Löggarður og Lára V. Júlíusdóttir, um þau mál. Rafiðnaðarsambandið hefur á undanförunum árunni unnið markvisst að því að þjálfa upp trúnaðarmenn sambandsins og hefur verið varið til þess á aðra millj. króna á ári.

**Starfsmenn RSÍ :** Guðmundur Gunnarsson form. kjarasamningar og samskipti út á við; ASÍ, nefndarstörf og norræn samskipti. Helgi R. Gunnarsson framkv.stj. dagleg stjórnun á skrifstofu, kjarasamningar og nefndastörf. Þór Ottesen og Ísleifur Tómasson samskipti við vinnustaði, vinnuverndarmál, viðhald orlofshúsa. Guðrún Guðmundsdóttir gjaldkeri, styrktarsjóður umsjón orlofsleigu. Guðrún var ráðinn um áramótin, en samkvæmt lögum á að skilja á milli bókhalds og gjaldkerastarfa. Birna Birgisdóttir bókhald, hún hóf störf fyrir skömmu og tekur við starfi Huldu. Hulda sagði upp starfi sínu í nóvember, en féllst á að vera fram yfir uppsetningu reikninga. Með Huldu fer traustur og góður starfskraftur. Sæmundur Hrólffsson umsjón og eftirlit orlofshúsa, hlutastarf.

Sigurður Hallvarðsson lét af störfum í vetur vegna veikinda. Sigurður er búinn að vera í forystusveit rafiðnaðarmanna mjög lengi. Sigurður varð rafvirki í Vestmannaeyjum 1962. Hann var í trúnaðarráði FÍR 1965 – 1968 og gjaldkeri félagsins 1969 –1978, þá tekur hann við varaformannssætinu til 1993. Hann er gjaldkeri miðstjórnar RSÍ 1978 – 1993. Þá er samþykkt að kjörinn gjaldkeri geti ekki verið starfsmaður RSÍ og hann er áfram starfandi gjaldkeri sambandsins. Sigurður var í fræðslunefnd rafvirkja og sveinsprófsnefnd um árbil. Hann sat lengi í stjórnnum orlofsbyggða verkalyðshreyfingarinnar og úthlutarnefnd atvinnuleysisbóta. Margt fleira mætti telja upp, en eins og sést á þessari upptalningu þá hefur Sigurður notið trausts félaga sinna og verið farsæll starfsmaður RSÍ.

**Ákvæðisvinnustofa :** Þór Ottesen, hlutastarf. Ákvæðisvinnustofan sér um viðhald taxtans, en hann hefur verið í mikilli endurnýjun undanfarið ár og næstunni kemur út endurskoðað taxtakerfi, þar sem margir verkþættir hafa verið sameinaðir og eins hefur verið bætt við nýjum þáttum fyrir margskonar tæknibúnað. Þetta gerir notkun taxtans einfaldari. Stofan stefnir að því í vor að senda frá sér nýtt ákvæðisvinnuforrit. Sú ákvörðun að dreifa forritinu ókeypis til félagsmanna hefur reynst farsæl og rétt ákvörðun hjá RSÍ og er notkun taxtans að aukast aftur. Einnig er taxtinn mikið notaður við verkáætlanir og tilboðsgerð. Reglulega berast til stofunnar beiðnir um að meta verk sem deilur standa um.

**Starfsmaður Félags íslenskra rafvirkja :** Ísleifur Tómasson, hlutastarf.

**Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins :** Ísleifur Árni Jakobsson framkv.stj., Stefán Ó

Guðmundsson. Stofan hefur samning við menntamálaráðuneytið um umsjón og endurnýjun námskráa rafiðnaðargreina. Mat á námi erlendra rafiðnaðarmanna, eins ef einstaklingar vilja hefja nám í rafiðngrein. Eftirlit með námsamningum. Umsjón prófabanka sveinsprófsnefnda og umsjón sveinsprófa. Samskipti við menntamálaráðuneyti og verkmenntaskóla. Skrifstofan starfar í nánun samstarfi við Félag kennara í rafiðngreinum.

**Fulltrúar á landsbyggðinni :** Bjarni Árnason starfar nokkrar klst. á viku á skrifstofu á Akranesi og Helgi Jónsson í RFN sér um skrifstofuna á Akureyri. Ómar Baldursson í FRS sér um skrifstofuna á Selfossi og Valtýr Guðbrandsson í RFS um málefni sambandsins á Suðurnesjum, Þórður Bachmann í Borgarnesi, Júlía Björk Þórðardóttir á Ísafirði, Ingimar Hólm Ellertsson og Frosti Frostason á Sauðárkróki, Vigfús Ingi Hauksson Siglufirði, Magni B. Sveinsson á Neskaupstað, Sigurður Karlsson á Höfn, Gunnar Jónsson Kirkjubæjarklaustri, og Arngrímur Magnússon í Vestmannaeyjum.

## Félagsgjaldið

Á síðasta ári var sá stofn sem notaður er til þess að reikna félagsgjaldið færður frá dagvinnutekjum yfir á heildarlaun, með því var félagsgjaldið lækkað um 15% að meðaltali. Vegna ársins 2000 var endurgreitt um 4.400.000 til 334 manna. Þakið það ár var kr. 48.000. Vegna ársins 2001 var endurgreitt um 6.100.000 til 533 manna. Þakið það ár var kr. 47.000 sem var framreiknað frá 43.000 kr. þakinu

sem samþykkt var á aðalfundum 2000 samkvæmt launavísitölu og út úr því kom þak upp á 47.000. Ef 48.000 kr. þakið hefði fylgt sömu vísitölu

hefði það verið vegna ársins 2001 kr. 52.300. Með nýja fyrirkomulaginu er reiknað með að innheimtan verði nær réttu gjaldi og sanngjarnari. Margir hópar voru með t.d. lág daglaun en hluti launa þeirra voru m.a. bónusar sem ekki voru taldir til daglauna, þessir hópar greiddu mjög lág félagsgjöld á meðan aðrir voru með föst laun þar sem ekki var skilgreint á milli daglauna og annarra launa þessari voru aftur á móti að greiddu mjög há félagsgjöld. Undanfarin ár hefur lítið verið um verkfallsátök og verkfallsjóður er þess vegna orðinn mjög öflugur. Á þeim forsendum ákvað síðasta þing að 10% félagsgjaldsins fari tímabundið til orlofshúsakerfisins í nokkur ár vegna mikillar uppbyggingar og 14% í verkfallssjóð í stað 24% áður.

Nokkuð hefur borið á því að verktakar og aðrir hafi sótt í RSÍ vegna hagstæðra námskeiðsgjalda og góðra styrkja frá Styrktarsjóð, og viljað greiða einungis í þá sjóði og þá afturvirkir til þess að öðlast full réttindi strax. Þessir aðilar hafa svo gefið upp laun sem eru lægri en lægstu taxtar á vinnumarkaði. Settar hafa verið strangari reglur um inngöngu í sambandið. Það er leitt til þess að vita að til séu aðilar, sem hiklaust ætlast til þess að fá að njóta alls þess sem fullborgandi félagsmenn hafa skapað án þess að taka þátt í að greiða fyrir það.

### **Fjölskylduhátíð**

Í tilefni af 75 ára afmæli FÍR stóð félagið fyrir fjölskylduhátíðinni síðasta sumar 22. - 24. júní um Jónsmessuna. Hátíðin tókst frábærlega vel. Metþátttaka var, tæplega 600 manns voru á svæðinu og vel á annað hundrað tjöld og húsbílar. Veðrið var eins og best verður á kosið hlýtt og stillt en reyndar ekki mikil sól. FÍR bauð upp á glæsilega dagskrá á laugardag, hlaup fyrir alla aldurshópa, fótboltamót, ratleikur, keppni í veiðum, kennsla á kajak o.m.fl. Um kvöldið var öllum á svæðinu boðið í grillveislu og svo var dansleikur og skemmtun fyrir börn og varðeldur.

Skemmtuninni lauk svo með dansleik fram á nótt. Allt skipulag hjá FÍR var til mikillar fyrirmyndar. Óhætt er að hrósa þátttakendum, það er sjálfsagt ekki oft að haldin sé svona fjölmenn útihátíð þar sem engin vandamál risu og allir voru í sátt og samlyndi. Búið er að laga verulega mikið til á tjaldsvæðinu og gróðursetja mikið af trjám og voru gestir ákaflega ánægðir með hversu vel hefur til tekist.

### **FÍR 75 ára**

Á síðasta ári var margt gert í tilefni af 75 ára afmæli FÍR, send út seðlaveski ásamt dagatali í upphafi ársins, þar sem merkt var inn atburðir sem félagið ætlaði að standa fyrir.

Laugardaginn 26. maí var opið hús í félagsmiðstöðinni að Stórhöfðanum í tilefni af 75 ára afmæli FÍR. Góð stemming var og fjölmargir mættu. Diddú mætti á svæðið og lagði hópinn að fótum sér. Örn Árnason og Kárl Ágúst Úlfsson komu og fóru með gamanmál.

Í lok ársins gaf FÍR út vandað afmælisrit þar sem stiklað var á helstu atriðum í þróun raforkumála hér á landi, sögu FÍR og þróun menntunar rafvirkja. Uppsetning ritisins vakti athygli og þótti blaði fallegur prentgripur auk þess að menn voru sáttir við efnistöð.

**RAFEINDATÆKNI Í 150 ÁR** og þættir úr sögu rafeindavirkja. Í desember síðastliðnum kom út glæsileg bók frá Félagi rafeindavirkja. Undirbúningur hefur staðið s.l. 3 ár og er ritnefnd og stjórn ánægð með bókina og þakkar höfundinum Þorsteini J. Óskarssyni rafeindavirkja, en samhliða ritun bókarinnar vann hann að mikilli gagnaöflun. Tómas Jónsson grafiskur hönnuður sá um að færa bókina í fallegan búning.

Bókin hefur vakið mikla athygli. Guðni Kolbeinsson, íslenskufraeðingur, las próförk af bókinni og lét hafa eftir sér "Mjög fróðleg og einstaklega skemmtileg". Gunnar Gunnarsson, rithöfundur, vann að nafnaskrá bókarinnar og gefur henni ummælin "Tímamótaverk sem á eftir að lifa lengi". Jón Böðvarsson gefur henni umsögnina: "Mjög vandað sögurit um lykilgrein í nútíma samfélagi"

### **RSÍ 30 ára, kvennalandsliðið styrkt.**

Í tilefni af 30 ára afmæli RSÍ gerðist sambandið aðalstyrktaraðili íslenska kvennahandboltalandsliðsins, með 3ja ára samning. Með því vildi RSÍ minna á það forvarnarstarf sem unnið er í íþróttahreyfingunni. Í samningnum stendur m.a. : A-landslið kvenna í handknattleik mun leika með auglýsingu frá RSÍ á keppnisbúningum sínum Á æfingabúningi verður auglýsing frá skólum rafiðnaðarmanna. Tvö skilti með merkjum RSÍ og Rafiðnaðarskólans verða sett upp á öllum landsleikjum, A-landsliða karla og kvenna, í handknattleik héraðs. RSÍ verður helsta stuðningsfyrirtæki HSÍ og íslenska kvenna landsliðsins í handknattleik í sambandi við undirbúning og þátttöku liðsins í stórmótum til 31. mars 2003. Fyrir auglýsingar við leikvöll og á keppnisbúningi mun RSÍ og Rafiðnaðarskólinn greiða HSÍ kr. 2.100.000 (auk vsk) á meðan á samningstíma stendur.

### **Heimasíðan**

Umfang heimasíðu RSÍ **rafis.is** hefur vaxið jafnt og þétt. Greinilegt er að félagsmenn og aðrir nota síðuna mikið og fer heimsóknum stöðugt fjölgandi og fara þangað um 1.200 á viku að jafnaði. Þar er mikið magn af upplýsingum um launamál og kjarasamninga sambandsins. Auk þess eru ítarlegar upplýsingar um sjóði sambandsins og réttindi félagsmanna og fundargerðir miðstjórnar. Unnið er að því að gera síðuna gagnvirka. Nú er hægt að fylgjast með lausum orlofshúsum á heimasíðunni, sjá punktafjölda í orlofskerfinu og sækja um orlofshús.

### **Trúnaðarráðstefnan 2001**

Rafiðnaðarsambandið ver á hverju ári umtalsverðum fjármunum í þjálfun trúnaðarmanna sinna. Þeir eru sendir á námskeið m.a. í Félagsmálaskólanum, einnig eru þeir kallaðir á fundi og ráðstefnur innan sambandsins. RSÍ er með mun fleiri kjarasamninga en önnur sambönd, eins margskonar fyrirtækjasamninga. Því yrði að fjárfesta umtalsvert í þjálfun trúnaðarmanna sinna. Trúnaðarmenn RSÍ eru 145. Þeir eru kallaðir saman hvert haust á ráðstefnu. Þangað eru fengnir fyrirlesarar um kjara- og efnahagsmál. Eins er fjallað um innri mál verkalýðshreyfingarinnar. Fyrir fundinn er svo lögð rekstrar- og starfsáætlun sambandsins komandi ár.

Í haust var ráðstefnan haldin í félagsheimilunum að Stórhöfða og þátttakendur voru 100. Fyrirlesarar voru Rannveig Sigurðardóttir hagfræðingur ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson þá nýráðinn framkv.stj. ASÍ og Bjarni Bjarnason framkv.stj.orkusviðs Landsvirkjunar. Rannveig fór yfir þróun efnahags- og kjaramála og undirbúning endurskoðunar kjarasamninga og sagði m.a. að ef koma ætti í veg fyrir alvarlegt ástand í febrúar þegar að endurskoðun samninga kæmi, þyrfti að grípa nú þegar til aðgerða. Það tæki alltaf ákveðin tíma þar til efnahagsaðgerðir hefðu tilætluð áhrif.

Gylfi fjallaði um störf og stefnu ASÍ og þau markmið hann hefði sett sér þegar hann tók við starfinu. Hann sagði m.a. að hann teldi að nú væri tækifæri til þess að ná betri takti í starf verkalýðshreyfingarinnar. Hún væri loks búinn að ljúka endurskoðun á innra skipulagi og hægt væri að setja aftur fyrir sig deilur sem risu vegna þess. Hann fjallaði einnig um kjaramálin og væntanlega endurskoðun kjarasamninga. Deilur hefðu risið upp í fyrra vegna þess að sumir töldu fram hjá sér gengið. Menn þyrftu að læra af reynslunni og ganga sameinaðir til verka.

Bjarni fór yfir virkjanaáform Landsvirkjunar, orkuþörf landsmanna, samskipti manns og náttúru í skemmtilegu og ákaflega fróðlegu erindi. Hann benti á að ekki yrði komist hjá því að virkja og eins taldi hann sjónarmið æði oft brenglast í fjölmiðlaumræðunni. Þar tók hann sem dæmi um Þjórsárverin, ætíð væri rétt um að setja þau á kaf, það hefði verið í fyrstu áætlunum en því færi víðsfjarri í núverandi tillögum. Einungis mjög lítil hluti færi undir vatn.

Á eftir unnu starfshópar og á eftir voru umræður um ályktanir frá hópunum. Þar kom m.a. fram að íslensk stjórnvöld og sveitarstjórnir væru óvirk í því að draga til sín fyrirtæki. Víða á

Norðurlöndum hafi sveitarfélög dregið til sín verksmiðjur af millistærð, sem þurfa á velmenntuðu starfsfólki að halda og leita eftir stöðugu umhverfi. Þar mætti m.a. nefna verksmiðjur sem framleiða kísilskeljar sem eru notaðar til þess að búa til sólarrafhlöður. Undanfarin ár hafi a.m.k ein svona verksmiðja verið reist á hverju ári. Það er í vaxandi mæli verið að setja upp sjálfstæð 2ja MW orkunet þar sem orkugjafin er sólarrafhlöður. EFA sem RSÍ á stóran hlut í er stór aðili að fyrirtæki sem byggði svona verksmiðjur. Íslenskum stjórnvöldum hefði ítrekað verið boðinn aðgangur að því að komast inn á þennan markað. Því hafi í engu verið sinnt, í stað þess sé EFA að reisa verksmiðjur í Norður-Noregi. Einnig kom fram að RSÍ og Rafiðnaðarskólinn ættu að stuðla að byggingu lítilla vatnsorkuvera.

Fram kom eindregin vilji til þess að verkalýðshreyfingin stuðlaði að því að Evrópumálin væru tekin á dagskrá. Það væri óþolandi að láta stjórnámamenn stöðva þá umræðu. Við þyrftum að fara í gegnum hana og draga fram kosti og galla þess að ganga í Evrópusambandið. Eins þótti mönnum einkennilegt að íslensk stjórnvöld treystu sér að halda gangandi sjálfstæðum gjaldmiðli með fljóttandi hætti á meðan stór og öflug Evrópuríki treystu sér ekki til þess og tengdu sína gjaldmiðla við Evruna.

Samþykkt var að segja ætti launalið kjarasamninga upp við endurskoðun samninga. Helstu atriði umræðna koma fram í tveimur ályktunum sem fundurinn sendi frá sér.

### **Ályktun um lífeyrismál.**

Trúnaðarmannaráðstefna Rafiðnaðarsambands Íslands haldin 3. nóvember 2001, undrast af hve miklu þekkingar- og skilningsleysi sumir ráðherrar og alþingismenn fjalla um lífeyrissjóði. Ástæða er til þess að minna á að í lífeyrissjóðum eru ekki fjármunir sem hægt er að ráðstafa til einhverra gæluverkefna sem stjórnvöld treysta sér ekki til þess að fjármagna sjálf. Lífeyrissjóðir eiga í sjálfu sér ákaflega litlar eignir. Í þeim eru aftur á móti sparnaður launafólks sem hefur lagt til hliðar 10% af launum sínum til elliáranna eða örorku. Glöggum landsmönnum hefur verið það löngum ljóst að fjármagn lífeyrissjóða mun verða það mikið, að ekki verður hægt að ávaxta það allt hér innanlands. Erlendar eignir lífeyrissjóða munu skapa umtalsverðar auknar þjóðartekjur í framtíðinni.

Ráðstefnan vill minna á að frjálst val um lífeyrissjóð er tvíbent. Það þýðir einnig frjálst val lífeyrissjóða á sjóðfélögum. Sú staða mun skapast að konum og ákveðnum starfstéttum verður boðin mun lakari lífeyrir en öðrum. Líklegt er að sumir sjóðir muni hafna ákveðnum hópum, nema þá með afarkostum. Í afkomutölum lífeyrissjóða á síðasta ári kemur fram að frjálsir lífeyrissjóðir eru með lakari afkomu en almennir sjóðir og mun hærri reksturskostnað, sem að stærstum hluta fer í auglýsingar. Ráðstefnan telur að þeir fjármunir séu mun betur komnir í aukinni ávöxtun og að lokum í hærri lífeyrisgreiðslum. Nái frumvarp alþingismanna fram um frjálst val lífeyrissjóða telur ráðstefnan sjálfgefið að allir landsmenn muni velja lífeyrissjóð alþingismanna og ráðherra, þar eru kjörin margfallt betri en aðrir landsmenn verða að sætta sig við.

### **Ályktun um kjara- og efnahagsmál**

Trúnaðarmannaráðstefna Rafiðnaðarsambands Íslands haldin 3. nóvember 2001 telur að launalið kjarasamninga eigi að segja upp við komandi endurskoðun samninga. Stjórnvöld hafa ekki staðið við loford um verndun stöðugleika. Ráðstefnan átelur þau harðlega fyrir það kæruleysi sem viðhaft hefur verið við stjórn efnahagsmála. Enn einu sinni virðist stefna í það að launafólk verði í þeirri stöðu að þurfa að velja á milli á stöðugleika eða réttmætra launaleiðréttinga. Stjórnvöld verða að átta sig á að það er ekki nægilegt að launafólk axli eitt ábyrgð á stöðugleikanum. Verði nú þegar gripið til aðgerða er hægt að ná markmiðum kjarasamninga. Það verður einungis gert með sameiginlegu átaki aðila vinnumarkaðsins og stjórnvalda.



Ráðstefnan hvetur til þess að Samkeppnisstofnun verði eflað svo hún geti tekist á við fákeppni og einokun. Verðlag nauðsynjavöru hefur hækkað mun meir hér á landi en í öðrum löndum. Stærsti hluti launahækkana undafarin misseri hefur horfið í þessar hækkanir.

Ráðstefnan felur fulltrúm rafiðnaðarmanna í endurskoðunarnefnd kjarasamninga að þeir sjái til þess að þeir sem starfi á fastlaunasamningum verði ekki skyldir eftir í eins og var gert í síðustu endurskoðun.

Það voru harla einkennileg viðbrögð sem þessi ályktun fékk innan verkalýðshreyfingarinnar. Hún var gagnrýnd harkalega m.a. innan miðstjórnar ASÍ mönnum til mikillar furðu. Það vakti mikla reiði meðal rafiðnaðarmanna að einhverjir innan verkalýðshreyfingarinnar teldi sig hafa rétt til þess að ritskoða það sem trúnaðarráðstefna Rafiðnarsambandsins sendi frá sér. Svo einkennilegt sem það nú var þá voru skömmu síðar flest stéttarfélög búin að samþykka ályktanir sem voru nánast samhljóða ályktun trúnaðarmanna rafiðnaðarmanna.

### **Félagsmálaskóli RSÍ**

Á trúnaðarmannaráðstefnu RSÍ í haust var ákveðið að skipuleggja markvisst nám fyrir trúnaðarmenn rafiðnaðarmanna. Í samvinnu við MFA voru skipulögð 5 gerðir námskeiða. Ef umsóknir verða margar verður námskeiðum fjölgað. Samkvæmt reglum og lögum um trúnaðarmenn mega þeir nota allt að 5 dögum á ári í nám á sínu sviði án þess að missa neins í launum. Rafiðnaðarsambandið mun standa undir öllum kostnaði við gerð námskeiðanna og rekstri þeirra. Þau standa öllum félagsmönnum tilboða þeim að kostnaðarlausu, en trúnaðarmenn hafa forgang að námskeiðunum. RSÍ stendur straum af ferða- og upphaldskostnaði kjörinna trúnaðarmanna utan af landi. Ef þátttaka verður næg mun einnig verða boðið upp á námskeiðin úti á landi.

Búið er að halda :

- |                   |   |
|-------------------|---|
| 14. og 18. janúar | Trúnaðarmaður – Starf hans og staða                               |
| 18. febrúar       | Samningamál – Sjóðir RSÍ og reglugerðir þeirra og vinnuréttur     |
| 18. marz          | Samningamál –Kjarasamningar RSÍ og vinnustaðasamningar.           |
| 15. apríl         | Þú hefur orðið – Undirstaða í ræðumennsku                         |
| 24. apríl         | Þú hefur orðið – Undirstaða í ræðumennsku                         |
| 13. maí           | Kappræður – Frá kursteislegum skoðanaskiptum til hávaða rifrildis |

Öll námskeiðin verða í Félagsmiðstöð rafiðnaðarmanna Stórhöfða 31. Námskeiðstími er á kl. 9.00 til 15.30 námskeiðsdaga. Boðið verður upp á léttan hádegisverð. Þátttaka hefur verið mjög góð eða yfir 20 þátttakendur á hverju námskeiði.

Þátttöku verður að tilkynna á skrifstofu RSÍ eða um netið á [rsi@rafis.is](mailto:rsi@rafis.is)

### **Félagsfundir**

Í febrúar voru haldnir félagsfundir á Akranesi, Selfossi, Keflavík, Reykjavík, Blönduós, Akureyri, Siglufirði, Sauðárkróki, Reyðarfirði, Vestmannaeyjum og Ísafirði. Á fundina hafa mætt um 500 félagsmenn. Áformað er að halda fund á Höfn seinni hluta apríl.

Á fundunum var farið yfir ferli mála og fjárhagslega stöðu skólakerfisins og hvernig stjórn þess er háttað. Helmingur stjórnarmanna kæmi frá atvinnurekendum og hinn frá RSÍ. Farið var yfir þær ásanir um að málið snúist einvörðungu um einhverja aðför formanns RSÍ að skólastjóranum. Fram kom að það hefði verið stjórn eftirmenntunarsjóðs rafeindavirkja í samráði við lögmann sem hafði þ. 29. janúar ákveðið að kæra skólastjórnann fyrir efnahagsbrotadeild lögreglunnar fyrir tugmilljóna fjárdrátt. Formaður RSÍ væri ekki í þeirri stjórn. Einnig kom fram að það hlyti að teljast harla ólíklegt að ætla að lögmaður og endurskoðendur ásamt þessum hóp manna væru að bera svona alvarlegar ásanir á mann, án þess að fyrir því lægju haldbær rök. Að skólunum stæðu samtök launamanna og fyrirtækja í rafiðnaði. Samtök sem hefðu það að markmiði að vernda hagsmuni félagsmanna. Þessi hópur

manna færi varla ásamt lögmanni og lögiltum endurskoðendum að leggja orðspor sitt að veði með því að bera svona alvarlegar áskanir á menn að ástæðulausu.

Það hefði verið gert mjög vel við skólastjórnann í launum og kjörum og hann hefði fengið mikinn stuðning forystumanna RSÍ og SART til þess að framkvæma það sem hann hefði langað til að gera við mikla uppbyggingu skólakerfisins. En þrátt fyrir það hefði skólastjórninn allan tímann verið með sviksemi, tekið sér mun hærri laun en um væri samið og nú viki hann sér alfarið undan ábyrgð á eigin gerðum og sendi þar til viðbótar út uppspuninn óhróður um sína helstu stuðningsmenn og persónulega vini. Nafnlaus bréf með óhróður um samtökin og forystumann þeirra voru fordæmd mjög harðlega.

Mikið var um spurningar og skipst á skoðunum og skólastarfið. Leiðréttur var sá misskilningur að búið væri að keyra Rafiðnaðarsambandið í þrot. Það væru eftirmenntunarsjóðirnir sem bæru ábyrgð á skólakerfinu. Lýst var þeim áætlunum, sem menn hefðu um nánustu framtíðarverkefni menntakerfis rafiðnaðarmanna og hvernig unnið væri að því að skilgreina þær starfsmenntabrautir, sem þróast hafa í skólakerfi rafiðnaðarmanna við hliðina á lögiltum rafiðnaðargreinum. Miklar umræður hafa verið um þá öru þróun sem átt hefur sér stað í störfum innan rafiðnaðargeirans á undanförunum árum.

Á fundunum hefur komið fram mikill og eindreginn stuðningur við það starf sem unnið hefur verið frá áramótum af forystu sambandsins við að leysa þau rekstrarvandamál sem skólakerfið var sett í á síðasta ári og þeir hvattir til þess að halda ótrauðir áfram á þeirri braut sem þeir hafa unnið á. Fram hefur komið ánægja með starfsemi sambandsins og vilja menn í engu slá af hvað varðar orlofskerfið.

#### **Hvað þýðir áritun löggilts endurskoðanda?**

Nokkur umræða hefur farið fram um áritun löggilts endurskoðanda sambandsins og því jafnvel haldið fram að reikningar væru ekki endurskoðaðir. Löggiltur endurskoðandi skoðar allt bókhald RSÍ og FÍR með þeim hætti að hann skoðar innstreymi og útstreymi fjármagns og afstemmingar bankaútskrifta, eignafærslur, fyrningar, stöðu hutabréfaeignar. Staða viðskiptareikninga við RSÍ staðreynd. Þá voru uppsetningar rekstrareikninga bornar saman við lokastöðu bókhalds, eins og stendur í áritun hans. Hvernig rekstrarliðum er skipt upp er ákvörðun bókhalds og gjaldkeri, sama gildir um uppsetningu ársreikningsins. Hér er átt við ákvörðun um hvort útgjöldum t.d. vegna afmælishátíðar sé haldið sérstaklega og funda- og fræðslukostnaður sérstaklega. Viðskiptafræðingur á vegum hins löggilta endurskoðanda sem áritar á reikninga RSÍ, FÍR og FRV hefur verið á skrifstofum RSÍ yfir 100 klst. frá áramótum. Félagslega kjörnir endurskoðendur félaganna hafa einnig verið þar allmarga tíma og lesið yfir öll fylgisskjöl. Það er hægt að velja um það fyrirkomulag að löggiltur endurskoðandi færi allt bókhald og endurskoði þar með hverja færslu. En það er mjög dýrt og sjaldan gert, nema þá ef um stjórnarskipti eða gjaldkeraskipti sé um að ræða. Reikningar sambandsins og aðildarfélaga hafa ætíð verið sendir til ASÍ og ekki hafa komið fram neinar athugasemdir. Félagsmenn hafa komið á skrifstofuna og skoðað reikninga og ekki fundið nein merki um að verið væri að greiða út fjármuni án forsenda. Menn verði einnig að virða verk félagslega kjörinna endurskoðanda, þeir ásamt stjórn félagsins beri ábyrgð á því að skila réttum reikningum inn á aðalfund.

#### **Ársfundur ASÍ maí 2001.**

Það fór nú svo að við rafiðnaðarmenn vorum eitt aðalfréttaefnið á ársfundi ASÍ, þrátt fyrir að við mættum til leiks ákveðnir í því að verða ekki þátttakendur í einhverju ati. Á síðasta þingi ASÍ afþökkuðu fulltrúar RSÍ þátttöku í flokkspólítísku ati og þeim mikla darraðardansi sem sviðsettur var til þess að koma í veg fyrir kjör Ara Skúlasonar. Það varð til þess að fulltrúi Starfsgreinasambandsins settist í sæti RSÍ. Forsetar ASÍ höfðu samband við við RSÍ fyrir ársfundinn og fóru fram á að RSÍ kæmi inn í miðstjórn og tæki þátt í því að mynda betri

samstöðu innan ASÍ. Því var svarað af okkar hálfu, að við myndum gera það svo framarlega að það væri gert með friði og spekt.

Þegar til ársfundarins kom var okkur aftur á móti stillt upp með þeim hætti að við kæmum inn á fundinn með kröfum um sæti Starfsgreinasambandsins í miðstjórn. Það gekk svo langt að fulltrúar RSÍ voru spurðir um það af sumum fulltrúum Starfsgreinasambandsins, hvort við vildum nú ekki bara benda á þann miðstjórnarmann sem við vildum losna við!! Einu fréttirnar í fjölmiðlum sem voru birtar af ársfundinum voru um kröfu RSÍ til miðstjórnarsæta Starfsgreinasambandsins. Innanhúsdeilur í Starfsgreinasambandinu urðu til þess að ársfundarfulltrúar þurftu að sitja verkefnalausir tímunum saman á meðan forystumenn þess sambands hnakkrifust um hver þeirra sæti í miðstjórn.

Fulltrúum RSÍ á ársfundinum þótti leitt hvernig fundurinn fór fram og sá fréttáflutningur birti landsmönnum mjög brenglaða mynd af fundinum. Það var leiðinlegt, ekki bara hvernig okkur var stillt upp, heldur frekar sakir þess að fyrir ársfundinum lágu mjög merkilegar tillögur um fjölskyldu- og velferðarmál sem starfsmenn ASÍ og starfsnefndir höfðu lagt verulega mikla vinnu í, auk þess voru þar mjög áhugaverðar málstofur með fjölda gesta.

### **Samtarfssamningur við verzlunarmenn.**

Allt frá síðasta þingi ASÍ höfum við og forystumenn verzlunarmanna skipst á drögum að samtarfssamningi. Menn hafa ekki náð saman, en það munar litlu. Það sem menn helst greinir á um er að ASÍ og verzlunarmenn vilja að í samningnum sé ákvæði um að við tökum að okkur það hlutverk að þrýsta á Landssíman að gera kjarasamning við verzlunarmenn. Við höfum sagt að Landssíminn verði sjálfur að ákvarða við hverja hann semur. Einnig hefur verið ágreiningur um hvort sett verði sólarlagsákvæði um veru skrifstofufólks í FÍS, við höfum talið að það sé óþarft, það muni einfaldlega koma af sjálfu sér. Hér að neðan eru þau drög sem við lögðum síðast fram, þ.e. í nóvember síðastliðnum. Verzlunarmenn hafa ekki viljað skrifa undir þetta plagg. Stjórn FÍS hefur sagt að þeim liggi ekkert á.

### **Orlofshúsin**

#### **Úthlutanir**

Í vetur gátu félagsmenn sótt um orlofshús á heimasíðunni og séð punktastöðu sína. Einnig hafa reglulega verið birtar upplýsingar um lausar helgar. Þetta hefur reynst vinsælt og er mikið notað. Nýju íbúðirnar á Spáni reyndust mjög vinsælar og fóru allar útleigur þar í sumar strax út. Öll húsin hér heima sem voru í útleigu fóru út um páskanna.

Húsin í Ölfusborgum hafa notið vaxandi vinsælda eftir að búið var að setja þar upp heita potta. Ýmsir annmarkar hafa komið upp vegna vatnsleysis bæði á heitu og köldu vatni og eins hefur tæknibúnaður ekki verið nægjanlega vel hannaður.

Leiga orlofshúss í Vestmannaeyjum síðastliðið sumar reyndist mjög vel og var ákveðið að framlengja þann samning í sumar, golfáhugamenn hafa lýst yfir sérstakri ánægju með þetta framtak.

Orlofshúsin eldast og þau kalla á meira viðhald. Við höfum á undanförunum árum lagt mikið í að fjölga húsunum. Framboð á góðum húsum til leigu hefur vaxið og það vilji manna að fara frekar meir inn á svipaða braut og gert var í Vestmannaeyjum að leigja hús frekar en að kaupa þau.

### **Framleiga húsa og slæm umgengni**

Framleiga orlofshúsa hefur vaxið undanförunum misseri. Það er óásættanlegt að fjölmargir félagsmenn séu í langri biðröð eftir orlofshúsi, á meðan utanfélagsmenn væru að nýta húsin. Við erum að greiða niður hverja viku um 17 - 20 þús. kr. úr félagssjóði að jafnaði og þeir peningar eiga að renna til félagsmanna og barna þeirra, ekki annarra. Til þess að sporna gegn þessu var um síðustu áramót ákveðið að taka þrjá punkta af fyrir hverja helgarleigu um veturna. Það er einnig áhyggjuefni að umgengni um húsin hefur í sumum tilfellum ekki verið

nægjanlega góð. Þrífnaður er stundum ekki ásættanlegur. Sumir hafa verið með kröfur um að sambandið sjái um þríf milli útleiga. Það segir sig sjálfst að ef svo væri þá væri ekki verið að tala um að leigja út hús fyrir þær upphæðir sem útleigan er í dag, leiguverðið þyrfti þá væntanlega að hækka um helming.

#### Rekstur orlofshúsanna

|                             | fjöldi húsa | <i>Leiga sem hlutfall af rekstrar-<br/>kostnaði</i> |                                    |                                   |                                  |               | Meðaltal<br>1995-2000 |              |
|-----------------------------|-------------|---|------------------------------------|-----------------------------------|----------------------------------|---------------|-----------------------|--------------|
|                             |             | <i>Heildar-<br/>tekjur<br/>2001</i>                 | <i>Heildar-<br/>gjöld<br/>2001</i> | <i>Tekjur<br/>pr.hús<br/>2001</i> | <i>Gjöld<br/>pr.hús<br/>2001</i> | <i>2001</i>   |                       | <i>2000</i>  |
| <i>Reykjavík</i>            | 3           | 1,555,200   | 1,907,332                          | 518,400                           | 635,777                          | <b>81.5%</b>  | 109.6%                | 111.8%       |
| <i>Skorradalur</i>          | 2           | 528,500   | 826,414                            | 264,250                           | 413,207                          | <b>64.0%</b>  | 48.2%                 | 59.4%        |
| <i>Svignaskarð</i>          | 2           | 830,800   | 1,678,095                          | 415,400                           | 839,048                          | <b>49.5%</b>  | 58.2%                 | 65.8%        |
| <i>Vatnsfjörður</i>         | 1           | 150,000   | 543,548                            | 150,000                           | 543,548                          | <b>27.6%</b>  | 23.8%                 | 24.5%        |
| <i>Varmahlíð</i>            | 1           | 451,300   | 355,543                            | 451,300                           | 355,543                          | <b>126.9%</b> | 128.6%                | 67.7%        |
| <i>Akureyri</i>             | 3           | 1,372,000   | 1,316,847                          | 457,333                           | 438,949                          | <b>104.2%</b> | 93.0%                 | 96.2%        |
| <i>Vaglaskógur</i>          | 1           | 150,000   | 673,698                            | 150,000                           | 673,698                          | <b>22.3%</b>  | 40.9%                 |              |
| <i>Einarsstaðir</i>         | 3           | 403,500   | 1,390,207                          | 134,500                           | 463,402                          | <b>29.0%</b>  | 21.2%                 | 31.9%        |
| <i>Klifabotn</i>            | 2           | 283,000   | 608,005                            | 141,500                           | 304,003                          | <b>46.5%</b>  | 36.1%                 | 40.5%        |
| <i>Klaustur</i>             | 2           | 448,500   | 734,402                            | 224,250                           | 367,201                          | <b>61.1%</b>  | 79.9%                 | 87.3%        |
| <i>Klaustur lítil - hús</i> | 3           | 320,700   | 726,052                            | 106,900                           | 242,017                          | <b>44.2%</b>  | 37.5%                 |              |
| <i>Brekkskógur</i>          | 4           | 1,720,300   | 2,624,821                          | 430,075                           | 656,205                          | <b>65.5%</b>  | 78.1%                 | 80.3%        |
| <i>Apavatn</i>              | 5           | 1,527,500   | 2,859,285                          | 305,500                           | 571,857                          | <b>53.4%</b>  | 46.7%                 | 65.0%        |
| <i>Apavatn aðalh.</i>       | 1           | 636,500   | 1,318,309                          | 636,500                           | 1,318,309                        | <b>48.3%</b>  | 102.0%                | 262.2%       |
| <i>Vestmannaeyjar</i>       | 1           | 117,000   | 260,448                            | 117,000                           | 260,448                          | <b>44.9%</b>  |                       |              |
| <i>Hraunborgir</i>          | 1           | 399,900   | 418,951                            | 399,900                           | 418,951                          | <b>95.5%</b>  | 54.0%                 | 84.8%        |
| <i>Snæfoksstaðir</i>        | 1           | 409,450   | 374,565                            | 409,450                           | 374,565                          | <b>109.3%</b> | 61.5%                 | 96.4%        |
| <i>Ölfusborgir</i>          | 3           | 1,181,800   | 2,174,277                          | 393,933                           | 724,759                          | <b>54.4%</b>  | 28.7%                 | 32.2%        |
| <i>Tjaldvagn</i>            | 11          | 758,000   | 749,854                            | 68,909                            | 68,169                           | <b>101.1%</b> | 38.1%                 | 47.3%        |
| <b>Meðaltal</b>             |             | <b>50 13,243,950</b>                                | <b>21,540,653</b>                  | <b>264,879</b>                    | <b>430,813</b>                   | <b>61.5%</b>  | <b>56.5%</b>          | <b>63.1%</b> |

#### Tjaldvagnaútgerðin

Síðasta sumar voru 3 fellihýsi staðsett inni á svæði Útivistar í Básun í Þórsmörk. Þessi útgerð hefur reynst vel og verið vinsæl. Vagnarnir voru í leigu allar helgar, en lítið í miðri viku. Frá vögnunum er stutt í snyrtingar Útivistar og aðgengi að sturtum. Dvalargestum stendur til boða öll dagskrá sem Útivist býður upp á, varðeldar á laugardagskvöldum og gönguferðir um svæðið. Tjaldvagnaútgerðin hefur undanfarin sumar verið rekin í samvinnu við Matvís og hefur það rekstrarform reynst báðum aðilum farsælt. Nokkrir vagnar hafa verið staðsettir á Akureyri og hafa félagsmenn nýtt sér þann möguleika vel. Í sumar verður vagn einnig staðsettur á Reyðarfirði og á Ísafirði.

#### Orlofssvæðið við Apavatn

Orlofssvæðið að Apavatni hefur reynst gífurlega vinsælt meðal félagsmanna. Nýting tjaldsvæðisins hefur margfaldast og hafa félagsmenn lokið upp einum munnnum um að það sé glæsilegt. Með tilkomu tjaldsvæðis þá var ákveðið að ráða sumarstarfsmann til þess að sjá um svæðið á Apavatni. Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur var ákveðið að reisa nýtt umsýsnarmannshús við innkeyrsluna á svæðið og hafa undir því stóran kjallara sem rúmaði

tækjabúnað og þann varabúnað sem þarf fyrir orlofshúsin í Árnassýslu. Þá væri hægt að rýma umsjónarmannsíbúðina í stóra húsinu og geymslurnar. Félagsmenn sem hafa haft húsið í leigu hafa kvartað undan því að hafa umsjónarmann inn á sér.

### **Lýsing á íbúðum á Spáni, og innbúi þeirra.**

Nú höfum við fengið afhentar íbúðir RSÍ á Spáni eru búð að ganga frá þeim að mestu og fara þær í leigu um páskana. Eftir er að ganga frá nokkrum atriðum þá helst sundlaugargarði.

Íbúðirnar eru á efri hæð í raðhúsalengju, það er önnur íbúð á 1.hæð. Gengið er upp á á svalir fyrir framan íbúðir, þar er morgunsól. Við hlið íbúðanna er sundlaug og sundlaugarsvæði, þar eru sturtur. Sundlaugin er einunigs fyrir íbúðir á þessu svæði, ca 60 íbúðir. Svæðið er girt af og lykil þarf til að komast þangað inn. Sundlaugin er ca. 6 x 12 metrar og misdjúp.

Íbúðirnar eru stofa, eldhús, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Auk þess eru svalir fyrir framan inngang, og út úr eldhúsi er gengið upp stiga upp á stóra sólarverönd á þaki hússins. Öll gólf eru flísalögð í íbúðunum. Annað herbergið er með tveim rúmum. Í herberginu er stór fataskápur. Hitt svefnherbergið er með hjónarúmi. Í herberginu er stór fataskápur og barnarúm. Baðherbergi er flísalagt í hólfi og gólf og með sturtuklefa. Í eldhúsi er ísskápur með frystihólfi og taupvottavél. Eldavél sem er með einni rafmagnshellu og þrem gashellum.

### **Samstarf við Félag bókkargerðarmanna um golfvöll Dalbúa**

Uppbygging golfvallar í Miðdal hófst sumarið 1994 með því að Golfklúbbur Dalbúa leigði túnin í Miðdal undir golfvöll. Í Dalbúa eru einstaklingar sem eiga orlofshús við Laugarvatn. Miðdalur er jörð í eigu Félags bókkargerðarmanna (FBM) sem er innan við Laugarvatn og er félagið þar með orlofshús auk þess að félagsmenn sjálfir eiga þar fjölda húsa. FBM hafa staðið mjög myndarlega að uppbyggingu orlofssvæðis síns í Miðdal, auk þess að hlúa að eldri byggingum eins og t.d. kirkjunni í Miðdal. Undanfarin sumur hefur RSÍ verið aðili að rekstri golfvallarins og hafa félagsmenn fengið umtalsverðan afslátt.

### **Spennugolf 2001**

Spennugolf 2001 var haldið á Selsvelli Flúðum 8. júní sl. alls höfðu skráð sig 80 í mótið og nokkrir á biðlista, en þegar á reyndi voru einungis 72 keppendur mættir til leiks. Eins og sjá má á fjölda þátttakenda er þetta mesti fjöldi sem mætt hefur í þetta ágæta mót okkar, en þetta hófst allt á þessum velli árið 1994 og þá mættu 22 keppendur til leiks. Þennan sólríka föstudag var yfir 20°C hiti og veður eins og best verður hægt að fá til keppni.

Eftir mörg góð og miður góð högg voru úrslit ljós.

#### **Í keppni án forgjafar urðu úrslit eftirfarandi:**

- |                       |         |
|-----------------------|---------|
| 1. Eiríkur Jóhannsson | 79 högg |
| 2. Guðbjörn Ólafsson  | 80 högg |
| 3. Ívar Harðarson     | 85 Högg |

#### **Í keppni með forgjöf var um mikla spennu að ræða eins og vera ber í spennugolfi en úrslit þar urðu eftirfarandi:**

- |                           |         |
|---------------------------|---------|
| 1. Sveinbjörn Guðjónsson  | 69 högg |
| 2. Gunnar Þór Geirsson    | 70 högg |
| 3. Sigurður R. Þorkelsson | 70 högg |

Gunnar er í 2 sæti þar sem hann hefur betra skor á seinni níu holunum.

### **Nýtniverðlaunin að þessu sinni hlaut:**

Skúli Björn Jónsson

Þá voru nokkur aukaverðlaun veitt eins og vanalega. Lengsta upphafshögg á 8 braut átti Guðbjörn Ólafsson, næstur holi í upphafshöggi á 1 braut var Ívar Harðarson 1,63me, á 9 braut var Ragnar Ingólfsson 2,05me, á 11 braut var Hörður Svavarsson 6,74me, á 14 braut var Gylfi Jóhannsson 5,33me og á 16 braut var Gísli Ögmundsson 5,40me frá holi. Fæst þútt var Kjartan Einarsson með eða 25.

## Kjaramálin.

Niðurstaða könnunar kjararannsóknarnefndar fyrir 4. ársfjórðung 2001 sýnir að meðalheildarlaun iðnaðarmanna á landinu öllu séu kr. 290.800 og hafa þá hækkað um 12% frá 4. ársfjórðungi 2000. Meðalheildarlaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf eru 330.950 og hafa hækkað um 15% á árinu. RSÍ hefur að venju gert sína eigin könnun og er niðurstaða hennar mjög svipuð og Kjararannsóknar.

| Meðalheildarlaun | Rafiðnaðarmenn | Iðnaðarmenn allir |
|------------------|----------------|-------------------|
| 4. ársfj. 2000   | 288.800        | 259.400           |
| 4. ársfj. 2001   | 330.950        | 290.800           |
| Hækkun           | 15%            | 12%               |

| Meðal föst laun | Rafiðnaðarmenn | Iðnaðarmenn allir |
|-----------------|----------------|-------------------|
| 4. ársfj. 2000  | 219.950        | 207.000           |
| 4. ársfj. 2001  | 250.850        | 228.900           |
| Hækkun          | 14%            | 11%               |

Föst mánaðarlaun eru hrein mánaðarlaun að viðbættum aukgreiðslum miðað við fullt starf.

## Nýr samningur við Launanevnd sveitarfélaga

Þann 12. des. 2001 var undirritaður nýr kjarasamningur við Launanevnd sveitarfélaga. Þessi samningur var fyrst gerður í fyrra vegna Norðurorku, en þá fluttu rafiðnaðarmenn hjá fyrirtækinu í Rafiðnaðarsambandið. Við settum þá fram þær kröfur að tekinn yrði upp sami samningur og RSÍ hefði við RARIK. Ekki náðist samkoulag um það, en þá var gerður samningur til skamms tíma og er hann nú endurnýjaður. Samningurinn nær út árið 2004. Breytingar eru á innröðun í launakerfi ásamt nokkrum öðrum leiðréttingum.

## Deilur við Landssímamann um sjúkrasjóð.

Í síðustu kjarasamningum settum við fyrir hönd FÍS fram þá kröfu að greitt yrði af öllum FÍS félögum í sjúkrasjóð. Starfsfólk Landssímans var áður á kjarasamningum ríkisstarfsmanna og var þar af leiðandi með lengri veikindarétt, allt að einu ári en ekki var greitt í sjúkrasjóð. En þegar fyrirtækið var gert að hlutafélagi var allt starfsfólk sem ráðið var eftir það ráðið á kjörum samkæmt almennum markaði og greitt af því fólki í sjúkrasjóð. Í síðsutu kjarasamningum settum við fram þær kröfur að greitt yrði af öllu starfsfólkinu í sjúkrasjóð. Til vara settum við fram þær kröfur að greitt yrði af því starfsfólki sem hefði lengri veikindarétt 0,3% og töldum að með því gæti Styrktarsjóðurinn okkar veitt því fólki samskonar rétt og öðrum félagsmönnum RSÍ.

Landssíminn hafnaði þessu alfarið, við skrifuðum undir kjarasamning með þeim fyrirvara að við sættum okkur ekki við þessa niðurstöðu og við færum fram á frekari viðræður um þetta mál. Haldnir voru fundir en Landssíminn hafnaði eftir sem áður þessum kröfum. Það endaði með því að við fengum lögmann okkar Láru V Júlíusd. Til þess að skrifa fyrirtækinu bréf þar sem við bentum á að fyrirtækið væri nú komið út á almennan vinnmarkað og því bæri samkv. landslögum að greiða í sjúkrasjóð. Þetta varð til þess að viðræður fóru aftur í gang og er nú unnið að því að leita að leið sem báðir aðilar geta sætt sig við.

### **Endurskoðun kjarasamninga.**

ASÍ benti ítrekað á það á síðasta ári að það grípa yrði til aðgerða, ættu forsendur kjarasamninga að standast við endurskoðun í febrúar. Ríkisstjórn og Samtök atvinnurekenda höfnuðu umræðum um þessi mál. En þegar ályktanir bárust frá trúnaðarráðstefnu RSÍ og í kjölfarið frá stéttarfélögunum um að segja ætti upp launalið kjarasamninga verði ekkert að gert. Virtust þessir aðilar átta sig á því að í óefni stefndi.

Hvað þarf til þess að forsendur standist? Það var miðað við að verðbólga væri á bilinu 2 – 3% og verðlag væri í jafnvægi þannig að kaupmáttur aukist eða a.m.k. haldist. Ef ekkert hefði verið að gert og eins að stéttarfélögin segðu ekki upp launalið kjarasamninganna, þá stefndi í að a.m.k 9% verðbólgu á þessu ári og umtalsvert fall á kaupmætti. Ef stéttarfélögin myndu segja upp launalið þá er vitanlega óráðið hvað miklum launahækkunum þau næðu fram, en verðbólgan yrði nokkuð örugglega töluvert meiri, þ.e.a.s. ef þau næðu fram launahækkunum. Sá árangur myndi vitanlega byggjast á atvinnuástandi.

Við 3% launahækkun um áramótin jókst kaupmáttur. Ef ekkert hefði verið gert hefði sá kaupmáttarauki horfið fljótlega og gott betur. Á grundvelli þessa samþykkti verkalyðshreyfingin að endurskoðunarnefnd frestaði endurskoðun launaliðs til 1. maí 2002. Þá verði sett inn rautt strik við 222,5 stig (um 3% verðbólga). Ef það næst ekki þá geta stéttarfélögin sagt upp launalið kjarasamninga. Fram kom að ef launalið væri sagt upp í lok febrúar, þá væri hann laus 1. júní, fáir teldu að sumarið væri tími til baráttu og hún myndi fyrst hefjast í september. Ef launalið væri sagt upp í maí væri hann laus í september.

### **Samningur milli ASÍ og SA.**

Þann 12. desember 2001 var undirritaður samningur milli ASÍ og SA. Þar var lögð áhersla á að stöðugleika þyrfti að verja og styrkja þyrfti krónuna með samstilltum efnahagsaðgerðum. Samningsaðilar voru sammála um að verði vísitala neysluverðs hærri en 222.5 stig í maí 2002 teljist efnahagsforsendur viðkomandi kjarasamninga hafa staðist. Annars séu launaliðir kjarasamninga uppsegjanlegir með þriggja mánaða fyrirvara.

Samið var um viðbótaframlag í lífeyrissjóð. Samkvæmt gildandi kjarasamning er vinnuveitanda skylt frá 1. janúar 2002 að geiða 2% mótframlag í séreignarsjóð, eða sameignarsjóð. Gegn 2% mótframlagi launamanns. Samkomulag var gert um breytingar á þessu ákvæði þannig að frá og með 1. júlí 2002 munu vinnuveitendur greiða 1% framlag í séreignarsjóð launamanns án framlags af hálfu launamanns. Áfram gildi reglan um 2% mótframlag gegn 2% viðbótarsparnaði launamanns og leiðir þessi viðbót ekki til hækkunar á því. Framangreind breyting gildir þó ekki í þeim tilvikum þar sem lög- og samningsbundin lífeyrisframlög vinnuveitanda eru samtals 7% eða hærri. Framlag þetta greiðist til séreignardeildar þess lífeyrissjóðs sem viðkomandi launamaður á aðild að, nema launamaður ákveði annað. Einnig varð samkomulag um að almenn launahækkun 1. janúar 2003 myndi verða 0,4% hærri en samið hafði verið um. Framangreindar forsendur falla úr gildi ef launalið samninga verður sagt upp.

### **Yfirlýsing ríkisstjórnar.**

Í tengslum við samning SA og ASÍ sendi ríkisstjórnin frá sér yfirlýsingu. Ríkisstjórnin ætlaði að breyta samsetningu skulda sinna þannig að hún tæki erlent lán og greiddi upp innlendar skuldir sínar. Með þessu yrði staða krónunnar styrkt og það myndi leiða til lækkunar verðbólgu. Hún ákvað að tryggingargjald myndi lækka um 0,27% 2003 eða úr 6% í 5,73%. Hækkun gjaldsins hafði verið gagnrýnd af verkalyðshreyfingunni á grundvelli þess að hækkun gjaldsins hækkaði launakostnað fyrirtækja. Ríkisstjórnin lýsti því yfir að hún myndi beita sér fyrir lækkun tolla á grænmeti. Einnig ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir endurskipulagningu á starfsfræðslu í atvinnulífínu.

Einnig kom yfirlýsing frá fjármálaráðherra um að hann myndi standa að skoðun á meintri mismunandi stöðu starfsmanna ríkisins hvort þeir væru í stéttarfélögum opinberra starfsmanna eða í stéttarfélögum innan ASÍ. Hér er sérstaklega átt við mismunandi greiðslur í lífeyrissjóði, en framlag af félagsmönnum ASÍ félaganna er 6% á móti 11,5% hjá

félagsmönnum opinberu stéttarfélaganna. Í síðustu kjarasamningum var samið um ákvæði um séreingarsjóði á almennum markaði. Það var gert á grundvelli þess að þá myndi draga saman, en öllum af óvörum semur fjármálaráðherra einnig um þetta tillegg fyrir félagsmenn opinberu félaganna ofan á hitt. Ástæða er að geta þess að sveitarfélögin höfnuðu því alfarið. Einnig hefur verið gagnrýnt að ekki séu ákvæði um að opinberu lífeyrissjóðirnir þyrftu ekki að skerða réttindi ef þeir ættu ekki fyrir skuldbindingum eins og lög um almennu lífeyrissjóðina kvæðu á um, mismunur væri einfaldlega sóttur í ríkissjóð. Einnig er veikindaréttur ákaflega mismunandi, mjög langur veikindaréttur félagsmanna opinberu félaganna var réttlættur áður með því að greitt væri 1% í sjúkrasjóð ASÍ félaganna en ekkert í sjúkrasjóði opinberu félaganna en í síðustu kjarasamningunum náðist samkomulag um greiðslur í sjúkrasjóði þeirra einnig.

### **Kaupmáttur iðnaðarmanna.**

Ef kaupmáttur er settur á 100 við upphaf núverandi samningstíma, þá reis hann í um 117 eftir kauphækkunina um síðustu áramót. Í dag er hann um 110 og mun svo rísa við kauphækkunina sem kemur nú um áramótin. Hvert framhaldið verður er vitanlega erfitt að spá um, óvissan er slík. En þær spár sem birtar hafa verið segja að ef ekkert er að gert í efnahagsmálum og eins ef stéttarfélögin segja ekki upp launalið þá muni kaupmáttur síga niður undir 106 í lok næsta árs og stíga svo við kauphækkunina 1.1. 2003. Ef samræmdar aðgerðir Ríkisstjórnar, ASÍ og SA ganga eftir, þá er spáin sú að kaupmáttur muni ekki síga að neinu marki frá því sem nú er og verði um næsti áramót 3 –4 % hærri en ella.

Það er útilokað að spá um hvað myndi gerast er launalið kjarasamninga verður sagt upp. Þá rís t.d. upp sú spurning hversu miklar launahækkanir muni nást. Eins er verðbólga og efnahagsástand afleiðing huglægs mats að nokkru leiti eins og við vitum. Sú óvissa sem myndi ríkja í þjóðfélaginu í kjölfar þeirrar vitneskju að launalið samninganna muni verða sagt upp, leiðir örugglega til þess að ef krónan muni lækka, sem leiðir svo til hækkandi verðlags og verðbólga mun aukast enn meir. Það mun svo leiða til hækkandi vaxta þannig að við gætum farið inn á þær gömlu brautir að kauphækkanir muni einfaldlega leiða til mun hærri verðbólgu og herra verðlags og kaupmáttur muni lækki þá enn meir. Líklega vel niður fyrir 100.

## **Ferli mála skólakerfisins síðasta misserið**

### **Stjórnun skólakerfisins**

Í kjarasamningum rafiðnaðarmanna eru ákvæði um greiðslur í Eftirmenntunarsjóði. Þessir sjóðir eru 4 hjá rafiðnaðarmönnum og yfir þeim eru stjórnir þar sem viðkomandi aðildarfélög RSÍ tilnefna 2 stjórnarmenn og Samtök atvinnurekanda í raf- og tölvuiðnaði jafnmarga. Eftirmenntunarsjóður rafvirkja er elstur þessara sjóða, stofnaður 1978, og öflugastur. Sjóðir rafvirkja og rafeindavirkja voru með sjálfstæðan rekstur hvor um sig til að byrja með en ákváðu að sameina kraftana og stofnuðu Rafiðnaðarskólann 1986 og starfsmenn nefndanna urðu starfsmenn skólans 1992 og starfsemi nefndanna hefur síðan þá farið fram í nafni skólans. En stjórnir sjóðanna bera eftir sem áður ábyrgð á þeim. Það eru eftirmenntunarsjóðirnir sem standa að Rafiðnaðarskólanum og þeim skólum sem hann á eða er aðili að. Stjórnir sjóðanna mynda skólaráð skólans og það tilnefnir síðan í framkvæmdastjórnir skólanna.

### **Ferli síðasta árs**

Í grundvallaratriðum er fjármálum skólakerfisins þannig fyrirkomið að námskeiðsgjöld standa undir rekstri. Um helmingur innkomu eftirmenntunarsjóða fer í niðurgreiðslur félagsmanna og hinn helmingurinn fer í kostnað vegna tækjakaupa og þróunar nýrra námskeiða. RSÍ hefur hjálpað til um lán til kaupa á húsnæði og tækjum sem skólarnir endurgreiða svo í formi húsaleigu. Allir skólarnir skila árlega endurskoðuðu bókhaldi til framkvæmdastjórna og eftirmenntunarnefnda. Rekstur skólanna var viðunandi 2000. Margmiðlunarskólinn skilaði



hagnaði og nemendafjöldi hafði vaxið mikið. Á grundvelli þess var ákveðið að kaupa afgang af efri hæð Faxafensins og innréttu hana síðasta sumar.

Þegar framkvæmdum var lokið við stækkun og innréttingar í Faxafeninu, var ákveðið að skuldbreyta langtímalánum og fækka þeim verulega. Þá kom í ljós að skammtímaskuldir skólakerfisins höfðu aukist langt umfram það sem skólastjórinn hafði gefið upp. Á grundvelli þessa var í nóvemberbyrjun ákveðið að taka afstemda 10 mánaða stöðu á bókhaldi Rafiðnaðarskólans, VTskólans og RTV (sem er eignarhaldsfélag Faxafens 10 þar sem skólarnir eru).

### **10 mánaða uppgjör endurskoðenda lögð fram**

Þann 21. des. höfðu endurskoðendur svo lokið starfi sínu. Þá kemur í ljós að þær upplýsingar sem skólastjórinn hafði gefið upp um skammtímaskuldastöðu var röng. Eins að rekstrarstaða væri fjarri því sem skólastjórinn hafði sett fram. Í þeim gögnum sem endurskoðandi lagði fram kom einnig í ljós að laun skólastjórans voru óeðlilega há. Hann hafði einhliða túlkað launasamninga sína og hækkað laun sín umtalsvert á árinu 2001 án þess að bera það undir aðra. Hann hafði auk þess greitt sér fyrirfram umtalsverðar upphæðir. Fyrir lágu samþykktir heimildir fyrir um 50 millj. fjárfestinga en búið var að leggja í framkvæmdir fyrir fjórfalda þá upphæð.

Þann 2. janúar hóf nýr fjármálastjóri störf og var gefin út tilkynning um að bókhaldsdeild og gjaldkerar myndu vinna undir hans stjórn. Skólastjórinn myndi einvörðungu sinna rekstri og skipulagningu starfsins. Skólastjórinn hafnaði þessu algjörlega og neitaði að taka á móti nýja fjármálastjóranum. Eins tók hann það ekki í mál að gera hreint fyrir sínum dyrum og fara inn á umsamin laun sagði upp, en skilaði ekki uppsagnarbréfi.

### **Forsendur uppsagnar**

Þ. 3. jan. var skólastjóranum tilkynnt að ef hann segði ekki formlega upp, yrði honum sagt upp þ. 4. jan. Um miðjan dag þ. 3. jan. voru haldnir fundir í framkvæmdastjórnnum í samráði við lögmann og gengið frá uppsögn hans. Á þessum fundum framkvæmdastj. var ákveðið að fela endurskoðanda og fjármálastjóra að fara ítarlega yfir laun og launagreiðslur skólastjórans og lögmaður myndi svo taka ákvörðun um framhald málsins. Ákvörðun framkvæmdastjórna Rafiðnaðarskólans og VT skólans um uppsögn skólastjórans þann 4. jan. 2002 er byggð á því að hann hefði gjörsamlega brugðist trausti aðstandenda skólakerfisins við stjórn og rekstur kerfisins. Hann setur á síðasta ári fjármál skólakerfisins í algjöran ólestur og skuldsetur það langt umfram heimildir. Vanskil svo skipta tugum milljóna við fjölmörg fyrirtæki um allan bæ skapar skólakerfinu og þeim samtökum sem að því standa mjög neikvæða ímynd. Hann var búinn að koma kerfinu í illleysanlegan vanda með því að fá framkvæmdastjórnir til þess að samþykkja útvíkkun skólanna á röngum forsendum.

### **Miðstjórn staðfestir ákvarðanir**

Allur ferill málsins hefur verið tekin til umfjöllunar í miðstjórn á öllum stigum og framkvæmdastjórn hefur komið saman með stuttu millibili frá upphafi málsins. Miðstjórn afgeiddi málið með ályktun : Miðstjórnarfundur Rafiðnaðarsambands Íslands haldinn 11. janúar styður eindregið ákvörðun framkvæmdastjórna skólakerfisins um úttekt löggiltra endurskoðenda á skólakerfi rafiðnaðarmanna og hvetur til þess að þeirri vinnu verði hraðað sem frekast er kostur. Öflug starfsmenntun er og hefur verið stór þáttur í kjara- og starfsréttindabaráttu rafiðnaðarmanna. Rafiðnaðarsambandið mun því eindregið styðja áframhaldandi rekstur starfsmenntakerfis rafiðnaðarmanna. Miðstjórn sambandsins telur nauðsynlegt að stjórnkerfi og skipulag skólanna verði að taka til gagnarrar endurskoðunar, svo forðast megi áföll af því tagi sem við erum nú að upplifa.

### **Meintur fjárdráttur**

Nokkrum dögum eftir að skólastjóranum hafði verið vikið frá störfum, kom hann niður í Rafiðnaðarskóla og krafðist þess að stúlka sem tók á móti pósti tæki til hliðar ársyfirlit yfir ávísareikning Eftirmenntunarnefndar rafeindavirkja og hún myndi svo láta sig hafa umslagið óopnað. Þetta varð til þess að farið var að skoða þennan reikning sérstaklega og fjársteymi í gegnum hann. Fram kom að skólastjórinn hefur látið leggja inn á þennan reikning frá 1994 umtalsverðrar upphæðir. Starfsfólki innheimtudeildar er villt sýn með því að hann tjáir þeim að þetta komi fram í bókhaldi Rafiðnaðarskólans. Árið 1994 eru laun skólastjórans hjá Rafiðnaðarskólanum hækkuð um það sem hann hafði í laun hjá eftirmenntunarnefndinni og ákveðið að hann hætti á launum hjá nefndinni. Samfara því hættir hann að skila endurskoðuðu bókhaldi vegna fjármála nefndarinnar. Hann lét endurskoðanda ekki skoða hreyfingar fyrir eftirmenntunarsjóð rafeindavirkja. Ofangreind mál voru send til lögmanns RSÍ þegar þau komu frá fjármálastjóra og endurskoðendum. Eftirmenntunarnefnd rafeindavirkja sendi svo þ. 29. janúar í samráði við lögmann kæru til Efnahagsbrotadeildar Lögreglunnar í Reykjavík.

### **Ásetningur**

Í hinni miklu skoðun sem farið hefur fram á öllum gögnum skólakerfisins er greinilegt að mikil umskipti verða á seinni hluta árs 2000. Í stað þess að gera framkvæmdastjórnnum viðvart felur skólastjórinn vandann og í stað þess að reyna að leysa hann fer hann offari í fjárfestingum og skuldsetningu. Skólastjórinn lagði fram upplýsingar sem sýndu að Marmiðlunarskólinn væri að skila hagnaði og væri með langa biðlista af nemum. Á grundvelli rangra upplýsinga ákveða framkvæmdastjórnir að fjárfesta í restinni af efri hæð hússins að Faxafeni og flytja Margmiðlunarskólann þangað upp og setja CTEC deildina inn í það húsnæði sem Margmiðlunarskólinn var í. Samþykktar eru í framkvæmdastjórnnum framkvæmdaáætlanir, en skólastjórinn fer langt fram úr þeim. Að hans eigin sögn segist hann hafa, þrátt fyrir samþykktar áætlanir frá framkvæmdastjórnnum, ákveðið ásamt starfsfólki að ljúka öllum framkvæmdum og kaupum á tæknibúnaði. Aðsókn nema minnkaði og til þess að ná nemendum inn er þeim selt nám á hálfvirði og skólarnir eru í vonlausum rekstri í vetur.

Skólastjóranum var boðið að ganga frá sínum málum með eðlilegum hætti, en viðbrögð hans voru að hafna öllum kröfum um leiðréttingar á sínum kjörum eins að hafna að starfa með fjármálastjóra. Hann velur í stað þess að senda frá sér í kilóavís samantvinnaðam óhróður og ósannindi um fyrrverandi samstarfsmenn sína og féлага og hafnar alfarið að axla nokkra ábyrgð á gerðum sínum.

### **Við erum ekki hættir menntastarfi**

Það er staðföst ákvörðun rafiðnaðarmanna að halda áfram rekstri öflugskólustarfs. En ljóst er að það þarf að endurskipuleggja allt skólakerfið og stjórnkerfi þess. Framkvæmdastjórn skólanna hefur ásamt lykilstarfsmönnum unnið að því að leysa úr vandamálum hvað varðar starfsfólk og hvaða starfsemi verði í gangi næsta vetur. Á félagsfundum á 11 stöðum á landinu þar sem hafa mætt um 500 manns hefur komið mjög skýrt fram að menn vilja halda áfram rekstri Rafiðnaðarskólans og það með fullum krafti. Menn vilja að við drögum okkur út úr öðrum skólarekstri.

### **Erfiðir tímar**

Viðskilnaður skólastjórans við skólakerfið hefur valdið okkur miklum búsifjum og leiðindum innan okkar raða. En það hefur verið mörgum okkar áhyggjuefni hvernig sumir hafa virst vilja nýta sér stöðuna til þess að efna til ófriðar innan RSÍ. Ógeðfældum bréfum með illgjörnum dylgjum og óhróðri sem nafnlausir menn hafa sett saman hefur verið fleytt um sambandið. Umræðan hefur því miður stundum farið langt niður fyrir það plan sem við höfum áður þekkt innan okkar samtaka. Málflutningur af þessu tagi leysir engan vanda, hann er langt fyrir neðan okkar virðingu. Niðurrifsmennirnir og hinir nafnlausu hugleysingjar hafa ekki sett fram neinar lausnir, einungis órókstuddan róg. Þeir opinbera vanþekkingu sína á fjármálum og starfsemi sambandsins. Augljóst er að við getum ekki sópað þessum vandamálum undir teppið, við verðum einfaldlega að takast á við hann hvort sem okkur líkar það nú betur eða verr.

Vitanlega er hægt að gagnrýna hvernig hefur verið staðið að stjórn skólakerfisins. En það verður að gerast á málefnanlegum grundvelli. Það verður að taka tillit til þess að skólastjórinn hefur starfað í 14 ár með góðum árangri hjá okkur. Hann hefur af miklum eldmóð byggt upp öflugt starfsmenntakerfi. Hann naut því trausts og fékk það svigrúm sem hann krafðist, en stóð ekki undir því trausti.

Við verðum einnig að huga að því að öll uppbygging skólakerfisins hefur verið samþykkt og studd af fundum og þingum rafiðnaðarmanna. Mjög margir okkar manna hafa notið góðs af hinu mikla starfi sem þar hefur farið fram. Skólastarfið hefur verið hryggbeinið í launabaráttu okkar og eins skapað okkar fólki betri aðstöðu á vinnumarkaði. Hér má t.d. nefna línumenn sem í gegnum skólakerfi okkar fengu viðurkenningu á starfsréttindum sínum og laun þeirra tvöfölduðust, sama gildir um símsmiði og alla þá rafiðnaðarmenn sem hafa aukið þekkingu sína og haslað sér völl í nýjum og vellaunuðum störfum.

Það eru fyrir því margskonar samþykktir að sambandið verji til þessarar starfsemi fjármunum og styrki kerfið. Það skili sér tilbaka í hærri launum, fleiri félagsmönnum og auknu starfsöryggi félagsmanna. Mjög margir launamenn hafa notið góðs af þeim möguleikum sem starfsmenntanámi í þeim skólum sem rafiðnaðarmenn reka. Ófáar þakkir hafa borist frá fólki, sem af einhverjum ástæðum hætti í námi en hóf nám að nýju í skólum rafiðnaðarmanna og fór að því loknu í ný góð og vellaunuð störf.

### **Starfsmenntakerfi rafiðnaðarmanna.**

Þegar Eftirmenntun rafiðna var stofnuð 1974 höfðu rafiðnaðarmenn þurft að horfa upp á erlenda rafiðnaðarmenn setja upp allan nýttækniúnaðinn í Búrfellsvirkjun og í Álverinu í Straumsvík. Samtök rafiðnaðaranna og fyrirtækja í rafiðnaði tóku höndum saman um að sjá til þess að íslenskum iðnaði stæðu ávallt til boða hæfir tæknimenn. Óhætt er að fullyrða að engin starfsgrein hefur lagt sjálf eins mikið fram til uppbyggingar íslensks atvinnulífs. Bilanatíðni og stöðvun vegna bilana er með því lægsta, sem þekkist. Íslenskum fyrirtækjum stendur ávallt til boða það nýjasta sem til er. Íslenskir rafiðnaðarmenn setja í dag upp allan hátækniúnað og eru að auki að störfum við það um allan heim. Eftirmenntunarnefndir rafiðna og rafeindavirkja stofnuðu Rafiðnaðarskólann 20. september 1985. Lengst af báru nefndirnar ábyrgð á fræðslustarfinu. Árið 1993 var formlega stofnað til skólanefndar Rafiðnaðarskólans sem ber ábyrgð á starfseminni

Hratt vaxandi tölvunotkun og uppbyggingar netsins og þær breytingar sem eru að eiga sér stað á íslenskum vinnumarkaði hefur valdið því að uppbygging og skipulag náms er að gjörbreytast. Störf í tæknigreinum eru að renna saman og starfsmenntakerfið að þróast þannig að mótaðar námsbrautir, sem ljúka með prófi og veiti löghelgan aðgang að einhverju starfi, eru á undanhaldi. Sífellt er kallað á aukið framboð á sérhæfðum fagnámskeiðum í menntastofnunum rafiðnaðarmanna.

### **Rafiðnaðarskólinn**

Að Rafiðnaðarskólanum standa Eftirmenntun rafiðna, Eftirmenntun rafeindavirkja, Eftirmenntun símsmiða og Eftirmenntun tæknifólks í rafiðnaði. Í hverri eftirmenntunarnefnd eru fjórir fulltrúar, tveir frá launþegum og tveir frá atvinnurekendum. Fulltrúar úr nefndunum sitja í Fræðsluráði rafiðnaðarins (skólanefnd Rafiðnaðarskólans) ásamt formönnum þeirra félaga sem standa að rekstri skólans.

Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans er skipuð tveimur fulltrúum launþega (Rafiðnaðarsamband Íslands) og tveimur fulltrúum atvinnurekenda (Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði). Þessir aðilar eru jafnframt eigendur skólans.

Í samvinnu við Microsoft verður opnaður skóli fyrir fagfólk og sérfræðinga í raf- og tölvuiðnaði sem mun sérhæfa sig fyrst til að byrja með á Microsoft lausnum. Það hefur tíðkast að rafiðnaðarmenn í námi hverfa oft á tíðum úr námi og fara til starfa innan rafiðnaðargeirans,

oft lenda menn í þannig störfum að ekki er krafist sveinsprófs, en viðkomandi sækir sérmenntun á sínu sviði í Rafiðnaðarskólanum. Þetta fyrirkomulag hefur leitt til þess að þörfum atvinnulífsins fyrir rafiðnaðarmenn með styttri menntun hefur verið fullnægt og ekki síður, einstaklingurinn hefur ætíð haft möguleika á að bæta við sig námi. Aðstoðarmenn rafiðnaðarmanna og sérstök menntun vegna þeirra hefur þar af leiðandi aldrei tíðkast, það er engin þörf fyrir þá.

**Helstu starfsmenn Rafiðnaðarskólans** : Sigurður Geirsson framkv.stj, Guðfinnur Traustason verkefnastj., Haukur Konráðsson verkefnastj. og Guðmunda Kristinsdóttir verkefnastj.

## FRÆÐSLUMÁL

### Fjöldi rafiðnaðarnema í verkmenntaskólum haustið 2001

| Skóli                     | Grunnd     | Rafvirkj   | Rafvélav | Símsmiði | Rafeindav  |
|---------------------------|------------|------------|----------|----------|------------|
| Fjölb. Breiðholti         | 36         | 27         |          |          |            |
| Kvölddeild                | 20         | 78         |          |          |            |
| Fjölb. Norðurlands vestra | 15         |            |          |          |            |
| Fjölb. Vesturlands        | 23         | 19         |          |          | 13         |
| Fjölb. Suðurlands         | 15         |            |          |          |            |
| Fjölb. Suðurnesja         | 31         | 10         |          |          |            |
| Framhaldssk. Vestm.eyjum  | 3          |            |          |          |            |
| Verkm.skóli Austurlands   | 3          |            |          |          |            |
| Menntaskóli Ísafjarðar    | 7          |            |          |          |            |
| Verkm.skóli Akureyrar     | 27         | 16         |          |          | 6          |
| Iðnsk. Hafnarfirði        | 59         | 17         |          |          | 8          |
| Iðnsk. Reykjavík          | 137        | 49         | 2        | 3        | 134        |
| <b>Samtals</b>            | <b>376</b> | <b>216</b> | <b>2</b> | <b>3</b> | <b>161</b> |

### Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins

Undanfarin misseri hefur starfsgreinaráð rafiðnaðarins í samvinnu við Fræðsluskrifstofuna unnið að endurskipulagningu á menntabrautum í rafiðnaðargeiranum. Helstu umræður eru um að lengja grunndeild um eitt ár og skipulagning nýrra sérfræðibrauta. Eins og komið hefur fram á undanförunum árum þá hefur það gerst í vaxandi mæli að rafiðnaðarnemar hafa að lokinni grunndeild farið út á vinnumarkaðinn í sérhæfð störf í tölvu- og upplýsingageiranum og sótt nám í völdum starfsmenntanámskeiðum. Eins hafa þeir skólar sem rafiðnaðarmenn standa að skipulagt nokkrar 4 anna starfsmenntabrautir.

Þessi vinna hefur veirið kynnt menntamálaráðuneytinu og er unnið við áfangalýsingarnar, en það er von ráðuneytisins að taka þetta inn í skólakerfið sem fyrst.

Það hefur farið vaxandi á undanförunum misserum að erlendir rafiðnaðarmenn hafi komið hingað til starfa. Þeir hafa lagt námsgögn sín til mats hjá Fræðsluskrifstofunni. Í mörgum tilfellum er um fullnægjandi skólanám að ræða en vilji þeir öðlast full starfsréttindi hér á landi þurfa þeir að gangast undir verklegan hluta sveinsprófs. Eins þarf stundum að meta nám íslenskra rafiðnaðarmanna, oftast vegna þess að þeir hafi lokið hverjum hluta námsins fyrir nokkru föru svo út á vinnumarkaðinn og koma svo nokkrum árum síðar og vilja ljúka sveinsprófi.

### Fræðsluskrifstofa rafiðna vinnur að endurskoðun og endurskipulagningu

Þessi þróun hefur staðið yfir síðasta áratug, á þeim tíma hafa námskrár rafiðnaðargreina ekki verið endurskoðaðar. Fyrir 4 árum var ákvað Fræðsluráð rafiðnaðarins að stuðla að sameiningu rafiðnaðargreina, en bjóða frekar upp á skipulagðar sérhæfingarbrautir að námi loknu í skólum samtakanna. Eins var ákveðið að stefna að því að við lok náms á

rafiðnaðarbraut hefði neminn lokið sem svaraði til stúdentsprófs í raungreinum. Þó svo að þetta hafi ekki verið framkvæmt opinberlega þá hefur þróunin innan skólakerfisins leitt til þessa. Nemar eru yfirleitt að koma út á vinnumarkaðinn um tvítugt, þá hafa þeir lokið mörgum áföngum umfram það sem til er ætlast í námskrá rafiðnaðargreina. Þeir sem eru að ljúka sveinsprófi í dag eru undantekningalítið yfir 25 ára.

Það er orðið mjög aðkallandi að samræma námskrár rafiðnaðarbrauta við þá þróun sem átt hefur sér stað á vinnumarkaðnum. Nýverið hafa starfsmenn Fræðslumiðstöðvar rafiðnaðarins hafið endurskoðun á heildarskipulagi námsins með kortlagningu á því sem hefur gerst. Hér ekki einvörðungu um að ræða endurskoðun námskráa rafiðnaðarbrautanna, heldur einnig hvort sameina eigi rafiðnaðarstörf og hvort námið geti verið sameiginlegt lengur og hvort lengja eigi grunndeildina um eitt ár. Lengd iðnnáms var ákveðin í upphafi síðustu aldar í kjarasamningum milli fyrirtækja í rafiðnaði og sveinafélaga, þ.e. hversu lengi fyrirtækið megi hafa nemann í störfum á lágum launum. Það er svo ekki þar með sagt að það eigi endilega við lengur.

### Fjöldi próftaka í sveinsprófum í rafiðnaðargreinum

Fræðsluskrifstofan hefur í samvinnu við sveinsprófsnefndir reglulega unnið að viðhaldi og endurnýjun sveinsprófabankans. Niðurstaða sveinsprófa hefur verið mönnum vonbrigði. Það hefur komið sveinsprófnefndarmönnum á óvart hve illa próftakar eru að sér í mælingum. Eitt þeirra verkefna sem próftakar leysa, er einangrunarmæling á greinartöflu, allan skilning og kunnáttu vantaði hjá flestum þeirra á þessu verkefni. Hvernig getur það verið, eftir 4 ára ið nám í sterkstraumnum, að nemar og próftakar, kunni ekki að einangrunarmæla veitu?.

Í vetur voru iðurstöður úr prófunum að mörgu leyti svipaðar og undanfarin ár, þó eru mælingar og iðnteikning heldur lakari nú en oft áður. Það sem vakti furðu sveinsprófsnefndarmanna í þessum prófum er afspyrnu lakur árangur eins próftakans. Kunnáttu vantaði svo gjörsamlega í alla þætti prófsins. Það er vonandi að þetta sé einangrað tilvik og það er ekki ætlun okkar að dæma skóla eftir einum nemanda. Þó verður ekki varist þeirri hugsun hvernig unnt sé að komast í gegnum iðn- eða verkmenntaskóla með ekki meiri kunnáttu en þessi vitnisburður gefur til kynna.

Í hlutverki prófnefndar fellst sú skylda, að fylgjast með því sem kennt er í iðn- og verkmenntaskólum og gæta þess að kröfur er atvinnulífið gerir til próftaka úr þessum skólum séu ekki óraunhæfar. Sveinspróf í rafiðngreinum sterkstraums eru talsverð umfangsmikil að lengd eða um 20 klst. Hinsvegar er prófað að mestu leyti í grundvallaratriðum sem hver rafiðnaðarmaður þarf að kunna skil á.

## SJÓÐIR RSÍ

### Lífeyrissjóðurinn Lífiðn

|                 | 1997              | 1998               | 1999               | 2000               | 2001               |
|-----------------|-------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| Ellilífeyrir    | 36.428.903        | 50.351.044         | 57.884.963         | 73.455.753         | 90.378.008         |
| Örorkulífeyrir  | 37.252.593        | 37.514.519         | 40.869.245         | 44.983.377         | 53.876.987         |
| Makalífeyrir    | 19.553.549        | 21.453.789         | 23.402.634         | 26.345.259         | 29.890.886         |
| Barnalífeyrir   | 3.462.087         | 4.305.690          | 3.829.328          | 3.945.184          | 3.744.140          |
| <b>Samtals:</b> | <b>96.697.132</b> | <b>113.625.042</b> | <b>125.986.170</b> | <b>148.729.573</b> | <b>177.890.021</b> |

|                           |               |                |                |                |                |
|---------------------------|---------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Hr. eign til gr. lífeyris | 9.949.202.256 | 11.328.355.781 | 14.396.324.404 | 16.277.232.524 | 18.151.494.342 |
| Sjóðfélagalán             | 1.094.811.094 | 1.194.605.939  | 1.468.522.398  | 2.000.218.331  | 2.796.315.227  |

Innkomin iðgjöld            634.398.870      807.049.479      951.172.155    1.214.937.437    1.480.556.250

Lífiðn er níundi stærsti lífeyrissjóður landsins og hefur færst upp um eitt sæti. Eignir hans eru 18.2 milljarðar, og jukust þær um 11% á síðasta ári. Á árinu greiddu 5.378 einstaklingar til sjóðsins sem er 8% fjölgun frá árinu áður. Iðgjaldatekjur uxu um 21% á sama tíma og námu 1.480 milljónum í árslok. Samtals eiga 11.152 einstaklingar réttindi hjá sjóðnum. Á liðnu ári greiddu 1.367 launagreiðendur til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar frá stofnun er tæplega 5%. Ávöxtun sjóðsins á árinu 2001 var neikvæð um 4,70% og er það í fyrsta sinn sem sjóðurinn er með neikvæða ávöxtun. Efnahagsumhverfið var mjög erfitt bæði innlands og erlendis sem orksakaði mestu gengislækkunar á verðbréfum í áráraðir. Einnig var mikið flókt á íslensku krónunni sem orsakaði verri afkomu. Lífiðn var einn af fáum lífeyrissjóðum sem var með jákvæða ávöxtun á árinu 2000.

Hlutverk Lífiðnar er að tryggja öryggi sjóðfélaganna, maka þeirra og barna, í framtíðinni. Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum sínum elli- og örorkulífeyrir og mökum látinna sjóðfélaga fjölskyldulífeyrir. Samtrygging sjóðfélaga um örorku- og fjölskyldulífeyrir tryggir sjóðfélögum og mökum þeirra lífeyrir við óvænt áföll. Stefna Lífiðnar er að auka þjónustu á sviði heilsu og líftrygginga og fyrsta skrefið í því var að stofna okkar eigin séreignarsjóð sem býður upp á séreignarsparnað með 8 valleiðum og ættu allir að geta fundið sparnaðarleið sem hentar þeim hjá okkur. Hjá sameignarsjóðum gerir enginn kröfur um útgreiðslu arðs, heldur renna öll iðgjöld til uppbyggingar lífeyrisréttinda. Enginn hagnast á rekstri sjóðsins aðrir en sjóðfélgar.

Grundvallarlaun Lsj. Lífiðnar er nú kr. 86.098,- á mánuði. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal gera tryggingarfræðilegaúttekt á hverju ári. Samkvæmt úttekt tryggingafræðings þá eru áfallnar skuldbindingar umfram eignir 1.767 millj. eða -3,9%. Þrátt fyrir mjög erfitt ár í fyrra þá er staða sjóðsins mjög góð m.v. aðra lífeyrissjóði. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar eru 5,5 milljarður. Lífiðn veitir auk þess töluvert hærri og víðtækari réttindi en flestir aðrir sjóðir. Réttindi til eftirlauna eru ríflega 14% hærri en hjá flestum öðrum sjóðum. Einnig er mun öflugri tryggingarvernd, t.d. hvað varðar makalífeyrir en hann er ævilangur frá 67 ára aldri.

Starfsmenn Lífiðnar eru 5 og meðalstöðugildi 4,5. Miklar breytingar eru í rekstri lífeyrissjóða. Öflugra eftirlit er komið á til að fylgjast með því að allir greiði í lífeyrissjóð, þessu eftirliti er fylgt eftir af skattayfirvöldum. Með nýjum kjarasamningum hefur sveigjanleiki aukist til greiðslu í séreignarsjóði og hafa margir nýtt sér það hjá Lífiðn.

Stjórn sjóðsins er skipuð eftirfarandi mönnum. Þórir Hermannsson, Níels S. Olgeirsson og Haraldur Jónsson fyrir launamenn og Arnbjörn Óskarsson, Sveinn Jónsson, formaður, og Tryggvi Guðmundsson fyrir atvinnurekendur. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Friðjón Rúnar Sigurðsson.

#### **Val á séreignarsjóð.**

Oft birtast glansaúglýsingar frá séreignarsjóðum og um landið fara solumenn sem banka upp á hjá fólki og kynna því glæsta kosti séreignarsjóða. Þar er talað um gífurlega ávöxtum og sýnt fram á beinar og óbeinar launahækkunar velji launamenn að greiða í séreignarsjóð. Í sjálfu sér er þetta rétt, en ýmsu er sleppt og kannski því sem skiptir mestu máli hvað varðar raunávöxtun. Hér á ég við rekstrarkostnað og þau kjör sem boðið er upp á.

Í yfirlitum sem birt hafa verið m.a. í Morgunblaðinu hefur komið fram að sá hluti inngreiðslu í séreignarsjóð sem rennur í rekstrarkostnað getur verið gífurlega breytilegur milli sjóða. Það skiptir vitanlega gífurlega miklu fyrir þann einstakling

sem ákveður að láta hluta af launum sínum renna til greiðslu í séreign, hversu mikill hluti fer í ávöxtun á séreignarreikning viðkomandi og hversu mikið sjóðurinn tekur til sín í rekstarkostnað. Reksturskostnaður séreignadeilda almennu lífeyrissjóðanna er langlægstur í þeim yfirlitum sem birst hafa. Hann er aftur á móti allt að tífalt meiri í sumum af hinum svokölluðu frjálsu séreignarsjóðum. Einnig hefur komið í ljós að sumir af þessum sjóðum eru að taka allar inngreiðslur í allt að 8 fyrstu mánuðina til sín, jafnvel meira.

Rafiðnaðarmenn eru í hópi þeirra starfsstétta sem greiða hlutfallslega mest í séreignarsjóði. Við viljum hvetja alla að greiða í séreignarsjóð að skoða allt sem boðið er upp á. Hver skyldi greiða allar heilsíðuauglýsingar, sjónvarpsauglýsingar, bæklingana og sölumennina sem fara um landið hús úr húsi. Það er ekki nema einn sem kemur til greina, það er sá sem velur að greiða í viðkomandi séreignarsjóð. Það skýrir hvers vegna sá hluti séreignargreiðslu sem rennur til rekstarkostnaðar t.d. í lífeyrissjóðinn okkar Lífiðn, er meir en tíu sinnum minni en það sem fer suma af hinum frjálsu og okkar sjóður er heldur ekki að hirða til sín eitthvað af fyrstu inngreiðslunum til þess að borga allar auglýsingarnar.

### Styrktarsjóður rafiðnaðaramanna

Styrktarsjóður rafiðnaðaramanna er einn af virkustu sjúkrasjóðunum innan verkalýðshreyfingarinnar og reglugerð sjóðsins veitir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra eitt langöruggasta umhverfi sem þekktist í íslenskri verkalýðshreyfingu. Styrktarsjóðurinn greiðir félagsmönnum bætur og styrki vegna veikinda og slysa, eftir að greiðslum frá atvinnurekenda lýkur. Þá greiðir sjóðurinn einnig útfararkostnað, dánarbætur og styrkir sjóðsfélaga sem þurfa að fara sjálfir eða með einhvern úr fjölskyldu sinni til lækninga fjarri heimilum til Reykjavíkur eða erlendis. Einnig tekur sjóðurinn þátt í greiðslum vegna sjúkranuðs og sjúkraþjálfunar. Greiðslur úr sjóðnum skiptast þannig:

Greiðslur úr styrktarsjóð hafa vaxið verulega undanfarin ár. Til þess eru nokkrar ástæður, réttindi félagsmanna hafa verið kynnt þeim ítarlega á fundum og á heimasíðunni, einnig hefur meðalaldur félagsmanna vaxið umtalsvert undanfarin ár. Fyrir nokkrum árum voru ekki margir félagsmenn í aðildarfélögum RSÍ yfir 40 ára, þeir voru undantekningalítið orðnir atvinnurekendur.

| <i><b>Styrkir</b></i>      | <i><b>1998</b></i> | <i><b>1999</b></i> | <i><b>2000</b></i> | <i><b>2001</b></i> |
|----------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| Sjúkrabætur                | 21.611.314         | 20.983.696         | 36.957.190         | 30.367.643         |
| Dánarbætur og jarðarfarir  | 3.587.200          | 4.135.000          | 4.106.000          | 7.285.350          |
| Sjúkran. og sjúkraþjálfun  | 1.299.684          | 1.869.480          | 2.190.246          | 2.487.414          |
| Sjúkrahúsaðgerðir          | 382.670            | 203.000            | 253.552            | 2.030.807          |
| Ferðastyrkir               | 699.635            | 445.406            | 628.521            | 1.280.342          |
| Líkamsr. og forvarnarstarf | 1.459.022          | 2.295.908          | 3.938.545          | 6.026.296          |
| Aðrir styrkir              | 2.513.982          | 4.850.893          | 4.392.092          | 1.274.000          |
| <b>Samtals</b>             | <b>31.553.507</b>  | <b>34.783.383</b>  | <b>52.466.146</b>  | <b>50.751.852</b>  |

### Starfsreglur styrktarsjóðs rafiðnaðaramanna.

## 1. Dagpeningar greiðast úr sjóðnum með eftirfarandi hætti:

- a) Dagpeningar greiðast frá þeim tíma að lögboðinni eða sammingsbundinni kaupgreiðslu frá atvinnurekanda lýkur. Endurnýja þarf umsókn um dagpeninga við lok bótatímabils, (sem er 180 dagar) vari veikindi áfram. Sjóðstjórn metur hvort greitt er lengur en eitt bótatímabil og hvaða dagpeningar séu þá greiddir.
  - b) Upphæð dagpeninga skal tryggja 80% af meðallaunum viðkomandi síðustu fimm mánuði fyrir veikindi, skv. iðgjaldyfirliti til styrktarsjóðs. Hafi verulegar breytingar orðið á launum viðkomandi yfir þetta fimm mánaða tímabil er heimilt að lengja viðmiðunartímann í allt að 10 mánuði.
  - c) Sé um að ræða greiðslu vegna tímabundinnar örorku er heimilt að skerða bætur sjúkrasjóðs sem því nemur. Sjúkra- eða slysadagpeningar Tryggingarstofnunar skerða ekki dagpeninga sjúkrasjóðs.
  - d) Vegna langvarandi veikinda maka eða barna enda missi sjóðfélagi launatekjur vegna þeirra. Sé um veikindi barna að ræða þá hafi 10 daga rétturinn verið fullnýttur, og maki eigi ekki tók á að annast barnið. Vegna veikinda maka skal við það miðað að veikindi hafi staðið í amk 2 vikur.
  - e) Heimilt er sjóðstjórn að greiða hluta dagpeninga ef sjóðfélagi getur ekki vegna sjúkdóms eða slyss stundað fulla vinnu.
- Dagpeningar greiðast ekki þegar um varanlega örorku eða ellihrumleika er að ræða.

### Dæmi um sjúkra- og slysadagpeninga sjúkrasjóðs.

| Tekjur fyrir veikindi eða slys | Dagpeningar sjúkrasjóðs RSÍ. |
|--------------------------------|------------------------------|
| kr. 100.000                    | kr. 80.000                   |
| kr. 180.000                    | kr. 144.000                  |
| kr. 260.000                    | kr. 208.000                  |
| kr. 340.000                    | kr. 272.000                  |

### Við andlát sjóðfélaga skal:

- a) greiða kr: 284.000.- vegna útfararkostnaðar, enda hafi viðkomandi verið sjóðfélagi í a.m.k. 6 mánuði þegar dauða hans bar að höndum.
- b) eftirlifandi maka, eða foreldri á framfæri hins látna, verði greitt kr. 255.600.
- c) fyrir hvert barn undir 18 ára aldri á framfæri viðkomandi verði greitt kr. 255.600.

*Heimilt er að greiða lágmarksdagpeninga vegna barna til allt að 21 árs aldurs, enda hafi barn sannarlega verið á framfæri sjóðfélaga og er ekki á vinnumarkaðinum.*

*(Tölur miðast við grundvallarlaun Lífeyrissjóðs Lífiðnar janúar 2002)*

## 2. Styrkir vegna forvarnar- og líkamsræktar:

Hafi viðkomandi verið fullgildur félagsmaður næstliðið ár þá á hann rétt á styrk til forvarnar- og líkamsræktar sem nemur allt að helmingi gjalds en þó aldrei hærra en kr. 10.000 á hverju almanaksári.

Styrkur verður greiddur ef félagsmaður sýnir löggilta kvittun í frumriti þar sem fram kemur að hann hafi greitt fyrir sig kort í viðurkenndri líkamsræktarstöð eða íþróttafélagi, sundkort eða skíðakort að því tilskyldu að það sé til 3ja mán eða lengra.

Ef viðkomandi félagsmaður getur ekki lagt fram frumrit, skal hann leggja fram staðfest afrit þar sem kemur fram hversu mikið framlag vinnuveitanda er og gildir



reglan hér að ofan, þ.e. styrkur getur aldrei orðið hærri en mest helming af eftirstöðvum.

Einnig er veittur styrkur vegna forvarna varðandi hjartavernd og krabbameinsskoðana.

### **3. Sjúkranudd, Sjúkraþjálfun og meðferð hjá kírópraktor.**

Sjúkrasjóður greiðir styrk vegna þessa gegn löggiltum kvittunum að hámarki 25 skipti á ári. Greitt er kr. 900 fyrir hvern tíma, gegn framvísun greiðslukvittunar, **ásamt tilvísun frá lækni um (á ekki við kírópraktor).**

### **4. Ferðakostnaður.**

Til að jafna aðstöðu þeirra sem búa á landsbyggðinni tekur sjúkrasjóður þátt í ferðakostnaði þeirra sem þurfa að fara landshluta á milli til aðgerða eða rannsókna að læknisráði. Sækja verður um styrk til TR. Sé því hafnað er greitt fyrir 40 – 100 km kr. 2000, 100 - 250 km. kr. 4000, 250 - 400km. kr. 7000 og 400 km og lengra kr. 10.000. Hámark 25 ferðir á ári.

### **5. Annað**

Sjúkrasjóði er heimilt að taka þátt í kostnaði félagsmanna vegna kostnaðarsamra lækniaðgerða s.s. IVF meðferða, lýtaaðgerða (ekki fegrunaraðgerða), augnaðgerða og fl. Styrkur er metin hverju sinni en er þó ekki hærri en 40% af útlögðum kostnaði, þó aldrei hærri en kr. 75000, auk þátttöku í ferðakostnaði sé um það að ræða. Gögn sem þurfa að berast eru: Vottorð frá lækni og beinan kostnað vegna meðferðar. Sama getur átt við um dýr hjálpartæki og verulegan lyfjakostnað.

Áríðandi er í öllum tilfellum sem bætur eru greiddar að fullnægjandi gögn liggi fyrir, s.s að reikningar sem er framvísað sé á nafn og fram komi tímabil, og/eða fjöldi skipta sem viðkomandi hefur sótt t.d. nudd. Vegna greiðslu dagpeninga í stað launa skal fylgja læknisvottorð, ásamt staðfestingu vinnuveitanda um að launagreiðslur hafi fallið niður.

Réttur til styrks úr sjóðnum fyrnist sé hans ekki vitjað innan 12 mánaða frá því réttur skapaðist.

Lágmarksdagpeningar eru kr. 2.840 samanber grundvallarlaun Lífeyrissjóðsins Lífiðnar þann 1. janúar 2002 og breytast tvisvar á ári 1. júlí og 1. janúar.

Greitt er úr styrktarsjóði mánaðarlega um mánaðarmót og þurfa gögn að hafa borist sjóðnum fyrir 20. dag hvers mánaðar. Áríðandi er í öllum tilfellum sem bætur eru greiddar að fullnægjandi gögn liggi fyrir, s.s að reikningar sem er framvísað sé á nafn og fram komi tímabil, og/eða fjöldi skipta sem viðkomandi hefur sótt t.d. nudd. Vegna greiðslu dagpeninga í stað launa skal fylgja læknisvottorð, ásamt staðfestingu vinnuveitanda um að launagreiðslur hafi fallið niður

### **Niðurlag**

Í skýrslu um starfsemina er að sjálfsögðu ekki hægt að gera grein fyrir öllum málefnum sem unnið er að, heldur eru aðeins nefnd helstu verkefni. Skýrslan ber merki þess að RSÍ er öflugt landsamband sem er skipulagt þannig að kjarasamningar, styrktarsjóður, orlofshús og starfsmenntakerfi er rekið með sameiginlegum hætti. Það hefur reynst okkur rafiðnaðarmönnum ákaflega vel, við höfum komið mörgu í verk sem hefur reynst öðrum stéttarfélögum um megn. Nauðsynlegt er að birta ítarlegar skýrslur svo þeir félagsmenn sem ekki komast til aðalfundar, eigi þó kost á því að kynna sér til nokkurrar hlítar starfsemina. Á tímum tölvupósts hefur geymsla upplýsinga á pappír snarminnkað. Hætt er við að það geti vafist fyrir sagnfræðingum framtíðarinnar að lesa úr fortíðinni, þ.e. þeim tímum sem við lifum á núna. Ítarlegar skýrslur eru m.a. hugsaðar sem geymsla á sögu RSÍ til framtíðar. Guðmundur Gunnarsson, apríl 2002.

**Látnir félagar 5/4 2001 til 6/4 2002**

|                           |               |              |
|---------------------------|---------------|--------------|
| Sverrir Finnbogason       | F. 4/11 1920  | D.10/4 2001  |
| Sigurður G. Bjarnason     | F. 4/10 1925  | D. 2/5 2001  |
| Bjargmundur Ingólfsson    | F. 23/8 1944  | D. 1/7 2001  |
| Erlingur Guðjónsson       | F. 9/10 1952  | D. 8/7 2001  |
| Friðrik Adolfsson         | F. 23/11 1924 | D. 5/8 2001  |
| Björn Karl Gíslason       | F. 8/2 1925   | D. 28/8 2001 |
| Eyjólfur Rafn Halldórsson | F. 26/8 1943  | D. 18/9 2001 |
| Ragnar Jakobsson          | F. 27/7 1922  | D. 3/10 2001 |
| Jóhannes Jónsson          | F. 8/5 1928   | D. 8/10 2001 |
| Egill Marteinsson         | F. 13/8 1932  | D.30/10 2001 |
| Guðmundur Björgvinsson    | F. 21/2 1928  | D.23/10 2001 |
| Lárus Hjalti Ásmundsson   | F. 16/1 1981  | D.17/11 2001 |
| Herbert Albertsson        | F. 10/7 1922  | D.20/1 2002  |
| Frímann Gunnlaugsson      | F. 27/3 1933  | D. 6/2 2002  |
| Óskar Steindórsson        | F. 28/5 1920  | D. 4/2 2002  |
| Bragi Ársælsson           | F. 1/12 1950  | D.17/2 2002  |
| Örn Egilsson              | F.15/12 1963  | D. 1/3 2002  |